

Hluti Austurvegar á Selfossi lokaður vegna veituframkvæmda

– hjáleið um Langholt, Larsenstræti og Gaulverjabæjarveg



Selfossveitur, í samstarfi við Vegagerðina, hafa lokað hluta Austurvegar – þjóðvegi 1 – á Selfossi á svæðinu frá Langholti að Laugardælavegi vegna veitu framkvæmda. Hjáleiðir verða um Langholt, Larsenstræti og Gaulverjabæjarveg.

Um endurnýjanir í veitukerfum Selfossveitna er að ræða til að

mæta þörfum stækkandi byggðar. Vegfarendur eru beðnir um að gaumgæfa vinnusvæðamerkingar vel og fara eftir tímabundnum merkingum, því þær eiga að tryggja öryggi allra í grennd við framkvæmdasvæðið. Breytingar munu verða á skiltum og leiðbeiningum á verkútum og því mikilvægt að veita þeim fulla athygli.

Aðgengi um Laugardælaveg og Langholt geta takmarkast að hluta meðan á framkvæmdum stendur. Full aðgát og tillitssemi í garð verktaka og annarra vegfarenda eru lykilatriði í að framkvæmdin gangi hratt og örugglega fyrir sig. Í tilkynningu kemur ekki fram hve langan tíma framkvæmdirnar eiga að taka.

Kátir og hressir dimmitantar á ferð:



Appelsínugulir og glaðir í FSu

Fjölbrautaskóli Suðurlands fyllist af dansandi appelsínugulum fyrirbærum síðastliðinn föstudag. Þar voru á ferð dimmitantar, eða nemendur sem stefna á að ljúka námi á vorönn. Fyrirbærir voru byggð á teiknimyndapersónunni Lorax úr samnefndri bíómynd gerða eftir sögu Dr. Seuss.

Appelsínugulu gleðigjafarnir

stígu dans og sungu fyrir nemendur og starfsfólk. Því næst gæddu þeir sér á kjötsúpu með starfsfólki og héldu svo út í óvissuferð. Nú stendur próflestur yfir, en um 108 nemendur stefna á að brautskrást úr námi við skólann af lengri og styttri brautum. Brautskráning vorannar í FSu fer fram laugardaginn 25. maí og hefst kl. 14.

Úrslitarimma Selfyssinga og Hauka í handboltanum hafin



Úrslitakeppni karla í handknattleik, þar sem eigast við lið Selfoss og Hauka, hófst þriðjudaginn 14. maí. Það lið sem fyrr vannur þrjá leiki verður Íslandsmeistari. Annar leikur liðanna verður í Hleðsluhöllinni á Selfossi föstudaginn 17. maí kl. 19:30. Þriðji leikurinn verður í Schenkerhöllinni í Hafnarfirði sunnudaginn 19. maí kl. 18:00. Búast má við mikilli stemningu á leikjunum og troðfullum húsum.




Bleikir pardusar að Laugarvatni

Dimittantar við Menntaskólann að Laugarvatni gerðu sér glaðan dag síðasta kennsludag annarinnar og samkvæmt ríkri hefð sóttu þeir starfsmenn skólans heim, nú íklæddir sem bleikir pardusar. Gleði, þróðmennska og jákvæðni einkenndi

hópin en 51 dimittandi stefnir á brautskráningu 25. maí nk. Er það fjölmennasti staki útskriftarárgangur í sögu skólans.

Brautskráning og skólaslit ML verða laugardaginn 25. maí nk. og hefst athöfnin kl. 12:00 í íþróttahúsinu.

Er gólfhitinn rétt stilltur?



Fáðu
fagmann
í verkið

**PÍPULAGNIR
HELGA**
Selfossi · Sími 699 1985 · 823 6656

Rafverktakar · Verslun
Öryggis-, myndavéla-
og loftnetskerfi

Framúrskarandi
fyrirtæki 2013

Árvirkinn

Neyðarsími 660 1160

Eyraveggi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is

SELFOS 7.-9. JÚNÍ

KÓTELETTAN

BBQ & MUSIC FESTIVAL 2019

FORSALAN ER HAFIN Á TÓNLISTARHÁTÍÐ KÓTELETTUNAR 2019 !

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í GALLERI OZONE OG Á WWW.KOTELETTAN.IS

#KOTELETTAN FACEBOOK/KOTELETTAN WWW.KOTELETTAN.IS

»DFS.is

FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Ertu að leita að vinnu á Suðurlandi?

www.dfs.is/atvinna/



Hrós vikunnar

Geir Ófeigsson

er hrósari vikunnar að þessu sinni:



Geir Ófeigsson

Ég held ég neyðist til þess að hrósa **veðurfarinu** undanfarnar vikur, töluvert skemmtilegra að eiga við sauðburð í svona rólegu og þurru veðri heldur en endalausri slyddu og snjókomu til skiptis eins og í fyrra. Já og svo vann eitthvað enskt fótboltalið Barcelona í vikunni, það var býsna vel gert :)

Geir Ófeigsson

Ég skora á Sigríði Helgu Heiðmundsdóttur á Kaldbak að koma með næsta hrós vikunnar.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Sigríður, sendu okkur hrósið á netfangið dagskrain@prentmet.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)



Styrkveitingar Kiwanisklúbbsins Ölvers starfsárið 2018–2019

Eitt af markmiðum Kiwanisklúbbsins Ölvers í Þorlákshöfn er að styrkja góð málefni. Í ár styrkti klúbburinn skólalúðrasveit Grunnskólans í Þorlákshöfn vegna farar á lúðrasveitarmót erlendis. Þeir Styrmir Snær Þrastarson og Ísak Júlíus Perdue fengu einnig styrk en þeir hafa verið valdir í unglingalandslið Íslands í körfubolta í sínum aldursflokki og þurfa að kosta ferðir á mótin í sumar úr eigin vasa. Óska Kiwanismenn þeim og meðlimum skólalúðrasveitarinnar til hamingju. Fyrir utan þessa styrki hefur klúbburinn styrkt nokkur önnur þörf málefni en þeir styrkir fóru til aðila sem eiga um sárt að binda.

Halldór Sigurðsson, fyrrv. skólastjóri grunnskólans í Þorlákshöfn



Frá vinstri: Kjartan B. Sigurðsson, varaforseti Kiwanisklúbbsins Ölvers, Styrmir Snær Þrastarson, Ragnhildur Þorsteinsdóttir og Halldór Sigurðsson, formaður styrktarnefndar. Á myndina vantar Ísak Júlíus Perdue sem var fjarstaddur.



Halldór Sigurðsson formaður styrktarnefndar afhendir Ragnhildi Þorsteinsdóttur, fulltrúa skólalúðrasveitarinnar 150.000 kr.



Styrmir Snær Þrastarson tekur við 50.000 króna styrk en Styrmir tók einnig við 50.000 króna styrk til Ísaks Júlíusar Perdue sem ekki gat verið viðstaddur. Halldór Sigurðsson afhendir styrkina.

Gaddaólar í fermingarmessu á Selfossi

Þessa helgi áttu sér stað fermingarmessur í Selfoskirkju þar sem 27 börn fermdust á laugardeginum og 23 börn á sunnudeginum. Í messunum gerðist skemmtilegt atvik þar sem sóknarprestur, sr. Guðbjörg Arnardóttir, skelltí gaddaólum á sig í miðri ræðu.

Í ræðunni fjallar Guðbjörg um Eurovision-framlag okkar Íslendinga og hvaða boðskap er hægt að draga úr atriði og texta Hatarar. Líkt og Hatarar, þá minnti hún fermingarbörn og aðra gesti á að hleypa kærleikanum að og láta hatrið ekki sigra.

Eins og margir Sunnlendingar, þá ætlar Guðbjörg að vera límd við skjáinn þegar Hatarar stíga á svið.

-brv



Guðbjörg Arnardóttir, sóknarprestur á Selfossi. Mynd: Björgvin Rúnar.

RISAPRENTUN



SÍMI 482 1944
SELFOS@PRENTMET.IS
EYRAVEGUR 25, SELFOS

A0 • A1 • A2
VINNUTEIKNINGAR
PLAKÖT • LJÓSMYNDIR
RÚLLUSTANDAR





SUMARGLAÐNINGUR

BOLIR OG TÚNIKUR Á 20-50% AFSLÆTTI

ÞRIÐJUDAG TIL LAUGARDAGS

Einnig í vefverslun okkar tiskuverslun.is

Afsláttarkóðinn er: **opnun19**

LINDIN
TÍSKUVERSLUN

Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

GUDNI BAKARI

Gleðjumst og njótum!

Íslenskt croissant með smjöri
frá MS á Selfossi



Vínbúðin Hvolsvelli óskar eftir starfsmanni í sumarafleysingar

Við leitum að jákvæðum og röskum einstaklingi sem er tilbúinn að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Umhirða búðar

Hæfniskröfur

- Reynsla af verslunarstörfum er kostur
- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum

Starfstímabil er í júní, júlí og ágúst.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri og sakavottorðs er krafist.

Umsóknarfrestur er til og með 29. maí. Umsóknir óskast fylltar út á vinbudin.is.

Nánari upplýsingar: Jóna Sigþórsdóttir, hvolsvollur@vinbudin.is, 560 7888 og
Thelma Kristín Snorradóttir, starf@vinbudin.is, 560 7700.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ.

Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.



Frá keppni í Hamarshöllinni.



Úrvalshópur USA og Hamarsstúlkur.

Öflugt starf knattspyrnudeildar Hamars

Starf knattspyrnudeildar Hamars er öflugt um þessar mundir og hefur ýmislegt verið brallað síðustu vikur og mánuði. Óhætt er að segja að knattspyrnuvelli í Hveragerði komi vel undan vetri og var fyrsti meistaraflakksleikur Hamars gegn Álafossi spilaður á fagurgrænni Grýlunni. Í maí býðst svo öllum börnum í Hveragerði að prófa að æfa frítt út mánuðinn.

Páskamóti Hamars gekk vonum fram og var skráning með besta móti. Páskamótið og Kjörismótið eru aðalfjárflanir deildarinnar og sendir

knattspyrnudeildin innilegar þakkir til þeirra félaga sem hafa skráð sig til leiks á liðnum árum.

Á skírdag fengu stelpurnar í yngri flokkum Hamars skemmtilega heimsókn í Hamarshöll þegar stelpur frá Bandaríkjunum tóku æfingu með þeim. Þessi hópur var úrvalshópur 14 ára stúlkna frá austurhluta Bandaríkjanna. Þetta er í annað skipti sem þær koma í Hveragerði, gista á Skyrgerðinni og æfa í Hamarshöll í vikutíma. Það var frábært fyrir okkar stelpur að fá að æfa með þeim og kynnst framtíðarstjörnum Bandaríkjanna.

Þeir ungir Hamarsmenn, þeir Ívar Dagur Sævarsson, Óliver Þorkelsson og Ólafur Jóhann Ávarsson voru valdir til að taka þátt í hæfileikamótun KSÍ. Hæfileikamótunin fór fram í Hamarshöll 15. mars sl. undir stjórn Lúðvíks Gunnarssonar. Tuttugu leikmenn fæddir 2005 frá Suðurlandi voru valdir til að taka þátt að þessu sinni og þann 3. maí sl. voru Hamarsstrákarnir boðaðir í áframhaldandi hæfileikamótun.

Davíðsmótið var haldið með hefðbundnu sniði þann 11. maí í Hamarshöllinni. Þetta knattspyrnumót er styrktarmót þar sem mótsgjöldin renna óskipt til nýrra málefna hverju sinni og í ár munu fjármunirnir fara til fjölskyldu Ólafíu Guðrúnar (Ollýjar) og Kristínar Hildar annars vegar og barna Sigurðar Blöndals hins vegar.

Hægt er að fylgjast með starfsemiinni á Facebook og Youtube; Hamar knattspyrna sem og Instagram; Hamarfc.

Að lokum viljum við hvetja alla til að mæta á völinn í sumar og styðja við bakið á Hamarsstrákunum okkar í 4. deildar-baráttunni.



Ólafur Jóhann Ávarsson, Óliver Þorkelsson og Ívar Dagur Sævarsson.

Anna Björk bikarmeistari í latíndönsum og á leið á HM

Anna Björk Jónsdóttir, sem býr á Selfossi, varð bikarmeistari í latíndönsum með herra sínum Ragnari Sverrisyni um liðna helgi. Mótið sem þau tóku þátt í fór fram í íþróttahúsinu á Álfanesi dagana 4. og 5. maí sl. og var Íslandsmeistaramót í grunndönsum á hæsta getustigi, bikarmót í latíndönsum og Íslandsmeistaramót í standarddönsum. Þau Anna Björk og Ragnar unnu flokk seniora í latíndönsum og verða fulltrúar Íslands á Heimsmeistaramóti seniora í latíndönsum sem haldið verður 8. júní næstkomandi í Slóvakíu.



Anna Björk Jónsdóttir og Ragnar Sverrisson.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is.

Ritstjóri: Örn Guðnason, sími 856 0672, orn@prentmet.is.

Blaðamaður: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@prentmet.is. Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveggi 25, Selfoss, fyrir hádegis á mánudögum.

Upplag 9700 eintök.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858



Vísnaðgátur-höf. Páll Jónasson - Útg. Bókauktgáfan HÓLAR

Gáta vikunnar

Margur hann í hljóði ber,
heiti á sveitabænum,
hangir kannski á hálsi þér,
heiðursmerki líka er.

Svar við gátu í blaði 2497: **BOLLA.**



Sunnlenski matgæðingurinn



Matgæðingur vikunnar er Jóhann Ásgrímur Pálsson.

Mig langar að byrja á að þakka vini mínum Gunnari Biering Agnarssyni kærlega fyrir áskorunina. Mér finnst gaman að elda og þá sérstaklega þegar ég hef nægan tíma til undirbúnings. Ég hef undanfarna mánuði verið á ketó-mataræðinu og langar að deila með ykkur vel völdum ketó-réttum sem ég hef verið að prófa mig áfram með. Annars vegar andabringur með rauðvínssósu og grænmeti og hins vegar pizzu.

Ketó-andabringur með rauðvínssósu og grænmeti

Uppskrift fyrir 4

- 3 franskar andabringur (ca. 1 kg)
- 3 skarlottulaukar
- 0,5 dl balsamikedik
- 5 dl rauðvín
- 2,5 dl andasoð eða úr góðum krafti
- Ferskt timjan
- 1 msk. smjör
- 1 rauð paprika
- 2 rauðlaukar
- 1 pk. sveppir
- 2 stórar gulrætur
- 500 ml rjómi
- Ruccola salatpoki
- Lítil jarðarberjaaskja
- Askja af kirsuberjatómötum
- 1 gúrka
- Poki af mozzarella-ostakúlum

Í flestum betri stórmörkuðum er hægt að kaupa frosnar andabringur, ég mæli með að þið andabringurnar í ísskáp yfir nótt og láta svo bringurnar standa við stofuhita í ca. 2 klst. áður en þær eru eldaðar þannig að þær hafi náð stofuhita. Hita ofninn í 200 gráður og svo fituhreinsa bringurnar ef á þarf að halda. Sker tígulrendur í fituna alveg að vöðvanum, krydda með Maldon-salti og pipar og nudla vel ofan í skurðina á fitunni. Því næst set ég andabringurnar á kalda pönnuna það er lykilatriði til þess að fitan verði stökk og hita hana svo upp í háan hita (nota helst grillpönnu) og byrja á að snúa fituhliðinni niður. Steiki í 5 mínútur á fituhliðinni eða þangað til fitan er orðin stökk og sný svo við og steiki hina hliðina í 2 mínútur. Set svo bringurnar inn í ofn sem er 200° heitur og nota bæði yfir-

og undirhita í 8 mínútur, tek svo bringurnar út úr ofninum og læt standa í 5 mínútur og sker svo í þunnar sneiðar.

Sósan: Gott er að nota soðið af pönnunni sem öndin var steikt á og bæta út í söxuðum skarlottulaukunum og timjan og sjóða í nokkrar mínútur. Hella svo balsamik-ediki út í og sjóða niður um helming. Sía sósunu og bæta við rauðvíninu og sjóða áfram í potti. Sósan á að vera þykk og sæt á bragðið. Bæta við salti og pipar og rjóma eftir þörfum ásamt kröftum t.d. andakrafti eða nautakrafti. Píska matskeið af köldu smjöri í sósunu í lokin.

Steikt grænmeti: Skera paprikuna, rauðlaukinn og gulræturnar niður í strimla og skera sveppina í þunnar sneiðar. Grænmetið er steikt á pönnu, byrja á að steikja paprikuna, gulræturnar og rauðlaukinn og bæti svo sveppunum við aðeins síðar þar sem þeir þurfa minni steikingu.

Ferskt salat: Skola ruccolasalatið, skera niður gúrku, jarðarber og kirsuberjatómata og bæta við mozzarella-ostakúlum.

Gott er að hafa osta og rauðvín í eftirrétt.

Ketó-pizza

Uppskrift fyrir 1

Á okkar heimili hefur skapast sú hefð að baka eða panta pizzu á föstudagskvöldum, þegar ég ákvað að prófa ketó þá fór ég að hugsa með mér hvað ég ætti að borða föstudagskvöldum. Ég komst að því að það er hægt að gera ketó-pizzu sem bragðast ekki ósvipuð og hefðbundin pizza.

- 1 egg
- 100 gr. rifinn mozzarella-ostur
- Pizzasósa (lágkolvetna), pizzaostur, beikon, sveppir og piparostur

Byrja á að þeyta eggð og bæti svo við 100 gr. af mozzarella-osti út í og blanda vel saman. Flet út deigið og set á plötu og set inn í 180 gráðu bakarofni í 10 mínútur. Tek botninn út og set á hann pizzasósu, pizzaost, niðurskorna sveppi og piparost ásamt steiktu beikoni sem ég er búinn að steikja á pönnu og skera í bita og set aftur inn í ofninn í 10 mínútur.

Að lokum langar mig að skora á vin minn Hall Halldórsson tannlækni hjá Tannlæknaþjónustunni. Ég veit að hann er mikill matgæðingur og kemur örugglega til með að deila með okkur góðri uppskrift.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Fjör í Flóa




Velkomin
í Flóahrepp



24. - 25. MAÍ

HLÖKKUM TIL AÐ
SJÁ YKKUR



Íbúar í Flóahreppi bjóða gesti velkomna
á þessa stórskemmtilegu fjölskyldu- og
menningarhátíð sem er stútfull af skemmtun

Nánari upplýsingar
á floahreppur.is

&

á Facebook og Instagram
Fjör í Flóa



FLOAHREPPUR



UMF. ÞJÓTANDI

KVENFÉLÖGIN Í FLÓAHREPPI

Ályktun sveitarstjórnar Bláskóga- byggðar um jöfnun raforkuverðs

Sveitarstjórn Bláskóga- byggðar samþykkti ályktun á fundi sínum fyrir skömmu. Þar beinir sveitarstjórnin því til ráðherra ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunar að raforkuverð í dreifbýli og þéttbýli verði jafnað. Þar segir enn fremur: „Frá því að skipulagsbreytingar voru gerðar á raforkukerfinu árið 2005 hafa fyrirtæki sem annast dreifingu á raforku í þéttbýli og dreifbýli haft tvær mismunandi gjaldskrár, aðra fyrir dreifingu raforku í þéttbýli og hina fyrir dreifingu raforku í dreifbýli. Þrátt fyrir niðurgreiðslu frá ríkinu, með svonefndu dreifbýlisframlagi, er raforkuverð í dreifbýli enn hærra en raforkuverð í þéttbýli. Frá árinu 2015 hefur dreifbýlisframlagið verið fjármagnað með svonefndu jöfnunargjaldi, sem er lagt á alla almenna raforkunotkun. Til að ná fullri jöfnun raforkuverðs fyrir alla landsmenn er áætlað að þurfi viðbótarframlag sem nemur um 900 mill-jónum á ári. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur að nýta megi hluta af arði af rekstri Landsvirkjunar sem framlag



til niðurgreiðslu raforkuverðs. Bent er á að í gegnum tíðina hefur verið rætt um að þegar skuldir Landsvirkjunar hafi verið greiddar niður muni arður af henni nýtast í þágu landsmanna. Það liggur beinast við að sá arður verði nýttur á sviði raforkumála og beinlínis í þágu landsbyggðarinnar, þar sem allar virkjanir Landsvirkjunar standa. Tímabært er að íbúar hinna dreifðu byggða sitji við sama borð og íbúar í þéttbýli hvað varðar raforkuverð og í raun hálf hjákátlegt að þeir sem búa næst uppsprettu raforkunnar, nærri virkjununum eða undir raflínunum sem flytja orkuna á suðvesturhornið, skuli greiða hærra verð fyrir orkuna en þeir sem fjær búa.“

Vinnustofa í vatnslitamálun og/eða sýningarspjall á alþjóðadegi safna 18. maí



Kirsten Fugl, vatnslitamynd.

Söfn eru í stöðugri endurnýjun. Í viðleitni sinni til að verða gagnvirkari, áhorfendamiðaðri, samfélagslegri, sveigjanlegri, aðlögunarhæfari og hreyfanlegri stofnanir. Þau hafa breyst í menningarmiðstöðvar sem skapa umhverfi þar sem sköpunargleði er sameinuð þekkingu og þar sem gestir geta einnig skapað með öðrum, deilt og átt samskipti. Þetta er fokusinn á alþjóðlega safnadeginum laugardaginn 18. maí og þessu trútt býður Listasafn Árnesinga gestum í heimsókn. Á boðstólum eru tvær sýningar, *Einu sinni var...* og *Mismunandi endurómun*, og tveir dagskrárliðir sem gestir geta tekið þátt í; vinnustofa í vatnslitamálun og leiðsögn/spjall um sýninguna *Mismunandi endurómun*.

Kirsten Fugl og Ingelise Flensborg, sem nú dvelja í

listamannahúsinu í Hveragerði, eru myndlistarmenn sem líka hafa langa reynslu af því að kenna myndgreinakennurum. Þær munu leiðbeina byrjendum sem lengra komnum við að virkja sköpunargleði sína með vatnslitum laugardaginn 18. maí kl. 13–15. Fyrstur kemur, fyrstur fær, því í vinnustofunni geta aðeins tólf tekið þátt og eru þátttakendur beðnir um að koma með sína liti og áhöld þó einnig verði pappír og einhverjir litir til staðar. Tilvalið er líka að skoða sýninguna *Einu sinni var...* þar sem sjá má vatnslitaverk eftir Ásgrím Jónsson sem er rómaður fyrir færni í vatnslitum.

Kirsten Fugl leiddi kennslufræðina við Háskólann í Vordingborg í Danmörku og hefur kynnt sér vel möguleika tjáningar með vatnslitum og áhrif litarefna hvert á annað



Útþensla eftir Sigrúnu Ólafsdóttur.

í fljóttandi formi. Hún segir eiginleika einstakra litarefna ólíka, sum litarefna safnast saman og gefa öðrum pláss meðan önnur dreifa úr sér og ýta öðrum litum frá.

Ingelise Flensborg var í 6 ár lektor við Háskólann í Árósum og 25 ár við Kennaraháskólann í Kaupmannahöfn með áherslu m.a. á list- og safnakennslu og er höfundur nokkurra bóka á sínu sviði.

Klukkan þrjú mun síðan Inga Jónsdóttir, sýningarstjóri sýningarinnar *Mismunandi endurómun*, ganga um sýninguna með gestum, svara spurningum og segja frá sýningunni, verkunum og höfundum þeirra. Höfundarnir sex eru allir búsettir í Þýskalandi og reka þar eigin vinnustofur, einn þeirra er Sigrún Ólafsdóttir frá Selfossi. Stærð og umfang verkanna er mjög mismunandi, en sýningin snýst um það að verkin nái að kallast á innbyrðis og við húsakynni safnsins. Fjölbreytileikinn felst í hugmyndalegri útfærslu verkanna sem eru unnin með blandaðri tækni, ýmist ný eða eldri verk, skúlptúrar, málverk, textill og innsetningar af ýmsum toga.

Heimabjónusta

Kvöld- og helgarþjónusta

Hveragerðisbær óskar eftir starfsmönnum til að sinna félagslegri heimabjónustu á kvöldin og um helgar. Um er að ræða hlutastarf í vaktavinnu. Umsækjandi þarf að vera eldri en 18 ára.

Helstu verkefni og ábyrgð:

Að veita þjónustu eftir þjónustusamningi sem gerður hefur verið við þjónustugefa á heimilum þeirra, eins og aðstoð við heimilishald, félagslegur stuðningur, persónuleg umhirða og fl.

Hæfniskröfur:

- Æskilegt er að umsækjandi hafi félagsliðamenntun og reynslu af heimabjónustu eða umönnunarstörfum.
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Vandvirkni og sjálfstæði í starfi.

Aðstoð inni á heimili

Hveragerðisbær óskar eftir starfsmanni til að aðstoða inni á heimili allt að 10 tíma á viku og er vinnutími breytilegur.

Helstu verkefni:

Aðstoð með heimilishald og umönnun barna

Hæfniskröfur:

- Æskilegt er að umsækjandi hafi félagsliðamenntun og reynslu af heimabjónustu eða umönnunarstörfum
- Lipurð í mannlegum samskiptum og sjálfstæður í starfi.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna á Suðurlandi (FOSS).

Frekari upplýsingar um starfið veitir Rannveig Reynisdóttir forstöðumaður stuðningsþjónustu í síma 483 4000 og tölvupósti rannveig@hveragerdi.is.

Umsóknarfrestur er til 1. júní 2019. Umsóknum er hægt að skila á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar, að Breiðumörk 20, Hveragerði eða í tölvupósti til rannveig@hveragerdi.is.

LISTASAFN ÁRNESINGA

Vilt þú koma og vinna á skemmtilegum vinnustað þar sem fyrir er samhentur starfsmannahópur sem kappkostar að vinna metnaðarfullt starf?

Leikskólinn Bergheimar, Þorlákshöfn auglýsir eftir leikskólakennara eða öðru uppeldismenntuðu fólki til starfa næsta haust. Um er að ræða stöðu deildarstjóra í afleysingu í eitt ár og leikskólakennara í framtíðarstöðu. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf 14. ágúst nk.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun, önnur háskólamenntun eða reynsla á sviði uppeldis og kennslu
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi
- Jákvæðni og áhugasemi
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Allar umsóknir eru skoðaðar og þeim svarað

Leikskólinn Bergheimar er 5 deilda skóli með rúmlega 90 börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Leikskólinn vinnur að því markmiði að gera börnin að sjálfstæðum einstaklingum. Áhersla er lögð á leikinn, útiveru, hreyfingu og umhverfismennt. Húsnæði leikskólans

og aðstaða er til fyrirmyndar auk þess sem lóðin er góð og býður upp á allskyns nám og leik. Hér er góður starfsmannahópur, hátt hlutfall fagmenntaðra og reynslumikilla starfsmanna.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands (FL). Starfið hentar jafnt körlum sem konum. Fáist ekki leikskólakennari til starfsins er heimilt að ráða annan í stöðuna. Umsóknarfrestur er til og með 31. maí 2019 og skal umsóknum ásamt ferilskrá skilað rafrænt í gegnum heimasíðu sveitarfélagsins <https://www.olfus.is/is/moya/formbuilder/index/index/umsokn-um-starf>.

Allar upplýsingar um starfsemi Bergheima er að finna á www.bergheimar.is og nánari upplýsingar um starfið veita Dagný leikskólastjóri og Elsa aðstoðarleikskólastjóri í síma 480 3660.

Leikskólinn Bergheimar



TVÖ STÖRF Á OLÍS OG GRILL 66 SELFOSSI

Almenn afgreiðsla, úti og inni

Starfið felur í sér almenna afgreiðslu úti sem inni, þjónustu við viðskiptavini, vörumóttöku, áfyllingar, þrif og annað tilfallandi.

Starfsmaður á Grill 66

Í starfinu felst aðallega matreiðsla á okkar vinsælu hamborgurum en einnig móttaka og umsjón með hráefni, almenn afgreiðsla, þrif og annað tilfallandi.

Unnið er á 12 tíma tvískiptum vöktum.

Hæfniskröfur

- Snyrtimennska og reglusemi
- Jákvæðni, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af matreiðslu og veitingasölu er æskileg fyrir starfsmann á Grill 66

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um störf.

Umsóknir á olís.is.

Umsóknarfrestur til og með 27. maí

Nánari upplýsingar hjá verslunarstjóra á staðnum.

VIÐ LEITUM AÐ FÓLKI Á LÍFLEGAN VINNUSTAÐ



JAFNLAUNAVOTTUN
2019-2022

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.



Vinur við veginn



Elskuleg systir okkar og frænka,

Guðný Höskuldsdóttir
Kistuholti 5 c, Bláskógabyggð



lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands fimmtudaginn 9. maí.
Útför fer fram frá Skálholtsdómkirkju
fimmtudaginn 23. maí kl. 14:00.

Fyrir hönd aðstandenda:

Elín Höskuldsdóttir
Tinna Dögg Tryggvadóttir
Hildur Ýr Tryggvadóttir
Inga Hanna Gunnarsdóttir



Staða aðstoðarskólastjóra við Flúðaskóla

Staða aðstoðarskólastjóra við Flúðaskóla er laus til umsóknar frá og með næsta skólaári.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Vera staðgengill skólastjóra, bera ábyrgð á og stjórna daglegri starfsemi skólans í samstarfi við skólastjóra.
- Hafa, í samráði við skólastjóra, umsjón með starfsmannamálum s.s. ráðningum, vinnutilhögun, starfsþróun og fl.
- Að koma að skipulagi skólastarfsins í heild

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf sem grunnskólakennari og farsæl kennslureynsla í grunnskóla.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða uppeldis- og kennslulufraða og/eða farsæl stjórnunarreynsla.
- Leiðtogaþæfni, metnaður og áhugi á skólaþróun og nýjungum
- Áhersla er lögð á að viðkomandi búi yfir lipurð í samstarfi og mannlegum samskiptum

Í Flúðaskóla eru að jafnaði við nám 100 nemendur. Samvinna er við Skeiða- og Gnúpverjarhrepp um kennslu nemenda í 8.-10. bekk.

Frekari upplýsingar um skólastarfið má finna á <http://www.fludaskoli.is>.

Í Hrunamannahreppi búa um 800 íbúar og þar af býr um helmingur í þéttbýlinu á Flúðum. Öflug atvinnustarfsemi er í sveitarfélaginu og blómlegt mannlíf. Leikskóli, sundlaug, bókasafn og önnur stoðþjónusta er til staðar í þéttbýlinu á Flúðum. Stutt er í helstu ferðamannastaði og náttúruþerlur á Suðurlandi.

Umsóknarfrestur er til 28. maí nk. en æskilegt er að starfsmaðurinn geti hafið störf eigi síðar en 1. ágúst nk. eða eftir samkomulagi. Með umsókn skal fylgja starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem tilgreindar eru ástæður umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsækjendur skili umsókn í tölvupósti á netfangið johannalilja@fludaskoli.is.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhanna Lilja Arnardóttir, skólastjóri, johannalilja@fludaskoli.is, s. 480 6610.



HEILSUHORN HSU

Eru bólusetningar barnanna okkar á ábyrgð „hinna“?

Til umhugsunar!

Bólusetningar ungbarna eru ein mesta forvörn sem við höfum í heiminum í dag. Bólusetningar koma í veg fyrir dauða um þriggja milljóna barna og að 750.000 börn verði örkuðla árlega, þrátt fyrir þetta deyja um tvær milljónir barna úr sjúkdómum sem hægt er að bólusetja fyrir. Þau hugtök sem hafa þarf í huga þegar rætt er um bólusetningar er þekjun og hjarðónæmi. Þegar hópur fólks er bólusettur þá myndast svokallað hjarðónæmi hjá þeim sem ekki láta bólusetja sig. Þetta stafar af því að bakteríurnar og veirurnar sem valda sýkingum eiga erfiðara uppdráttar að skjóta sér niður þegar stór hópur hefur verið bólusettur gegn þeim. Því hagnast þeir sem ekki láta bólusetja sig og hljóta vernd á því að aðrir eru bólusettir. Til þess að hjarðónæmi náist verður þekjun þeirra sem bólusettir eru að ná ákveðinni prósentu af heildarfjölda íbúa. Þessi þekjun er mismundandi eftir því um hvaða sjúkdóma ræðir. Sem dæmi má nefna að til að hjarðónæmi náist

gegn mislingum þarf þekjun að vera 90%. Þekjun fyrir hettusótt, rauðum hundum, mænusótt og barnaveiki þarf að vera 80–85% til að hjarðónæmi náist. Þekjun fyrir mislingum á heimsvísu er ekki nema um 80% og því eru enn að greinast mislingatífelli út um allan heim. Hér á Íslandi hefur þekjun fyrir mislingum farið lakkandi vegna fleiri foreldra og forráðamanna barna sem taka þá ákvörðun að láta ekki bólusetja börnin sín. Mikilvægt er að það gleymist ekki að hér á Íslandi eru börn ekki bólusett fyrir mislingum fyrr en 18 mánaða gömul og því eru þau í raun óvarin fram að þeim aldri. Um það bil 10% þeirra sem sýkjast af mislingum fá alvarlega fylgikvilla svo sem heilabólgu eða lungnabólgu. Í dag ferðast Íslendingar meira til framandi landa, straumur erlendra ferðamanna til landsins eykst stöðugt og nýbúum fjölgar. Við urðum því miður óþægilega minnt á þetta nú nýverið þegar upp komu sjö mislingatífelli hér á Íslandi.

Engar gagnreyndar rannsóknir liggja fyrir um að mislingabóluefnið geti valdið einhverfu. Nauðsynlegt er að fólk geri sér



Unnur Þormóðsdóttir,
hjúkrunarstjóri.

grein fyrir hættunni sem það setur börn sín í þegar ákveðið er að bólusetja þau ekki. Forsendur eru oft óljósar og erfitt að skilja rökin sem liggja að baki ákvörðuninni. Er líf barnanna ekki það mikilvægasta? Er forsvaranlegt að treysta á að aðrir bólusetji börnin sín til að ná nógu góðri þekjun svo að hjarðónæmi náist? Dæmi hver fyrir sig.

F.h. Heilbrigðisstofnunar
Suðurlands

Unnur Þormóðsdóttir,
hjúkrunarstjóri
heilsugæslustöðvar Selfoss

Vinningshafar í ratleik Starfameissunnar



Þann 10. apríl sl. stóðu Samtök sunnlenskra sveitarfélaga og Atorka – samtök atvinnurekenda á Suðurlandi, í samstarfi við Fjölbautaskóla Suðurlands og grunnskólana á Suðurlandi, fyrir Starfameissunni þar sem nemendum í 9. og 10. bekk voru kynntir þeir möguleikar sem þeim standa til boða þegar kemur að námi og starfi í iðn-, verk- og tæknigreinum á Suðurlandi. Var þetta í þriðja sinn sem starfameissan er haldin. Sú nýbreytni var að til þess að leiða sig í gegnum messuna fengu nemendur rafrænan ratleik úr smíðju Turfhunt (www.turfhunt.is), en það er íslenskt leikjafyrirtæki sem sérhæfir sig í hönnun og þróun slíkra ratleikja, hvort sem er innan- eða utanhúss.


Leikurinn gekk út á það að nemendur, hvort sem var einstaklingar eða í liðum, fóru um svæðið og spurðu kynnendur spurninga um þeirra grein og fyrirtæki eða leystu verkefni því tengdu og söfnuðu sér þannig stigum. Það voru svo sex stigahæstu liðin sem fengu verðlaun en það var Atorka sem gaf þau. Meðfylgjandi myndir voru teknar þegar vinningshafar komu til þess að taka á móti verðlaununum.



Vinningshafar Hvolsskóla ásamt Oddi Árnasyni varaformanni Atorku – samtaka atvinnurekenda á Suðurlandi. Vinningshafarnir voru: Sóldís Birta, Veigar Páll, Oddný Lilja, Hákon Kári, Elísabet Anna, Helgi Valur, Adrian, Ásgeir Heiðar, Soffía og Sunna Lind sem öll eru úr 9. og 10. bekk Hvolsskóla



Vinningshafar við afhendinguna í Fjölheimum ásamt Valdimar Hafsteinssyni, formanni Atorku – samtaka atvinnurekenda á Suðurlandi og Ingunni Jónsdóttur, verkefnastjóra Starfameissunnar. Vinningshafarnir voru: Guðmundur Bjarni, Arnar Már, Patrekur Máni, Garðar Örn og Oddur Heiðar; Kolbrún Jara, Sara og Óttar sem tóku við verðlaunum fyrir hönd 9. GRJ í Sunnulaekjarskóla; Ólafía Ósk og Telma Eik; Ástrún Birta og Ólóf Rán sem tóku við verðlaunum fyrir hönd 9. bekkjar Grunnskóla Hveragerðis.



DOMINOS.IS | DOMINO'S APP | 58 12345

HUNGRIG MUN ALDREI SIGRA

EUROVISION-TILBOÐ

- Stór pizza af matseðli
- Kjúklingavængir að eigin vali með sósu
- 2 L gos

3.550 kr.



Gildir 13.-19. maí

Ef þú sækir



Fermingarfræðsla í Selfossprestakalli 2019–2020

Þriðjudagskvöldið 21. maí nk. kl. 19:30 boða prestarnir í Selfossprestakalli foreldra væntanlegra fermingarbarna vorsins 2020 til fundar í Selfosskirkju. Þar verður fyrirkomulag fræðslunnar næsta vetur kynnt, m.a. fræðslunámsskeið í ágúst, fermingarferðalag, sem og fermingardagar

næsta vors. Allar nánari upplýsingar veita prestarnir sr. Guðbjörg í síma 865 4444 eða guðbjorg.arnardottir@kirkjan.is og sr. Ninna Sif í síma 849 1321 eða ninna.sif.svavarsdottir@kirkjan.is. Á fundinum verða börnin skráð í fræðsluna og velja fermingardag.



Einfaldaralíf.is SELFLOSS ER...

Þegar ég var 18 ára gömul stóð ég frammi fyrir því að taka ákvörðun um það hvort ég vildi búa á Selfossi. Þetta var ekki auðveld ákvörðun þar sem ég hafði fordóma gagnvart bænum, var hrædd við fólkíð sem bjó þar og fannst bærinn heldur flatur og stór fyrir minn smekk. En innst í hjarta mér var lítil rödd sem sagði mér Selfoss ER þinn staður. Ég vildi ekki hlusta, en rétt eins og fyllinn Horton heyrði í litla fólkinu sem bjó á blóminu í teiknimyndinni „Horton hears the who“ þá fór ég að taka mark á þessari rödd. Ástæðan fyrir því að ég vildi ekki hlusta var sú að ég var hrædd við breytingar. Ég var hrædd við hið óþekkta. Ég hafði aldrei búið á Selfossi og hafði ekki hugmynd um hvernig það yrði.

Otti er fyrirbæri sem hefur oft meiri stjórn á manni en gott er og í þessu tilfelli hafði óttinn næstum því komið í veg fyrir að ég tæki góða ákvörðun. En ég vildi ekki láta ótta við fólk stjórna mér. Ég hafði gert það allt of lengi og vildi ekki leyfa þeim ótta að stjórna mér lengur. Eftir því sem röddin innra með mér fékk meira vægi þá fór ég að hlusta. Selfoss ER...

Ég tók ákvörðun og ég sagði JÁ. Ég viðurkenni að

fyrir mig var það stórt skref en ég hef ekki séð eftir því einu sinni. Þó svo ég sé með ferðaveiki á háu stigi og elski að skoða ný lönd og dreymi sífellt um ný ferðalög þá á Selfoss stóran stað í hjarta mínu. Hér hef ég búið meira en helming ævi minnar og ég elska alltaf að koma aftur heim.

Þó svo Selfossi sé frábær staður þá liggur ekki leið allra á Selfoss. En innra með okkur öllum er lítil rödd sem talar. Þessi litla rödd er oft að reyna að leiðbeina okkur og beina okkur í þá átt sem er okkur fyrir bestu. Það er ekki alltaf auðveldasta leiðin en oftast er það leiðin sem gefur okkur meira rými til að vaxa og þroskast sem einstaklingar.

Hvað er það sem þú veist að þú ættir að gera en óttinn við hið óþekkta er að stoppa þig?

Ég hvet þig til þess að hlusta. Ekki sætta þig við óbreytt ástand.

Í starfi mínu hjálpa ég markþegum mínum að finna jafnvægi. Stíga á móti óttanum og læra að hlusta á þessa litla rödd og ég hvet þig til að gera slíkt hið sama.

Hugrekki er nefnilega oft og tíðum ótti á hnjúnum! Gangi þér vel!

Gunna Stella,
IIN heilsumarkþjálfari, B.ed.



Fjárfestingar til framtíðar

Í umræðu um nauðsynlegar fjárfestingar í innviðum Sveitarfélagsins Árborgar, ber að hafa í huga að sveitarfélagið er áttunda fjölmennasta sveitarfélag landsins, þar sem íbúafjöldun nú og undanfarin ár hefur verið fordæmalaus í sögulegu samhengi. Með auknum íbúafjölda eykst umfang rekstrar sveitarfélagsins þar sem bæði tekjur og útgjöld aukast. Fjárfestingaþörf eykst og huga þarf að framtíðarfjárfestingum.



Bæjarfulltrúar meirihlutans í Svf. Árborg við upphaf kjörtímabilsins þegar málefnaþingur var staðfestur.

„Ópið“

Ákall formanns Sjálfstæðisflokksfélagsins í Árborg í síðustu Dagskrá til ungmennafélagshreyfingarinnar á Selfossi um að hún beiti sér fyrir því að stöðva fyrirhugaða uppbyggingu á íþróttasvæðinu við Engjaveg á Selfossi er skiljanlegt. Ákall formannsins nú og félaga hans undanfarið um framkvæmdastopp er nefnilega rökrétt framhald á valdatíma D-lista Sjálfstæðisflokksins í Svf. Árborg. Það tímabil, sem stóð frá árinu 2010 til 2018 (sjá myndrit), skildi eftir sig tæplega 5 milljarða uppsafnaða fjárfestingaþörf ef eingöngu er miðað við meðal fjárfestingar Svf. Árborgar á hvern íbúa frá 2002, en á sjöunda milljarð ef miðað er við landsmeðaltal fjárfestinga allra sveitarfélaga landsins á sama tímabili.

Á þessu átta ára tímabili var lítið um beinar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins og ekki var hugað að nauðsynlegri uppbyggingu innviða í takti við þá íbúafjöldun sem átti sér stað á þeim tíma og stendur enn. „Ópið“ úr herbúðum sjálfstæðismana í Árborg nú er því vel skiljanlegt í ljósi sögunnar, þó ópið sé í hrópandi mótsögn við fjárfestingaþörfina og raunveruleikann.

Fjárfestingaáætlun 2019–2022


Fjárfestinga- og kostnaðaráætlanir eru, eins og liggur í orðanna hljóðan, áætlanir sem sýna líklegasta stofnkostnað framkvæmda. Fjárfestingaáætlun er byggð á grófri forsögn og unnin með áætluðum fermetra- og rúmmetraverðum byggðum á reynslutölum úr sambærilegum verkum. Óvissa slíkra áætlana með innbyggðum ófyrirséðum kostnaði geta verið töluverð. Eftir því sem að undirbúningi og hönnun framkvæmda vindur áfram og leiðbeinandi magntölur, efnisval og annað sem mótar mannvirkið verða til, verða til nákvæmari kostnaðaráætlanir.

Núverandi bæjarstjórnarmeirihluti lagði fram fjárfestingaáætlun í desember síðastliðnum sem náði til árána 2019 til 2022, eins og lög gera ráð fyrir. Nú þegar undirbúningi og hönnun margra þeirra framkvæmda er í fullum gangi og nákvæmari framkvæmda- og kostnaðaráætlanir liggja fyrir frá hönnuðum, fer fram endurskoðun á þeirri áætlun. Sem dæmi, þá hefur framkvæmda- og greiðsluáætlun fyrir fjölnota íþróttahúsið verið lögð fram af fulltrúum Verkís. Sú áætlun gerir nú ráð fyrir að framkvæmdatími byggingarinnar nái yfir þrjú

ár og greiðslur vegna verksins verði um 970 milljónir án virðisaukaskatts sem dreifast munu á fjögur ár í stað tveggja. Framkvæmda- og greiðsluáætlun Verkís hefur nú verið samþykkt og staðfest af meirihluta Eigna- og veitunefndar og bæjarráðs, fulltrúar D-lista greiddu atkvæði á móti.

Það er markmið okkar sem skipum meirihluta bæjarstjórnar að grunnþjónusta sveitarfélagsins verði eins og best gerist, einn hluti af því er metnaðarfull stefna í uppbyggingu íþróttamannvirkja. Ef við ætlum að vera samkeppnishæf á næstu árum um að fá fólk til þess að velja sér Svf. Árborg til búsetu, þarf aðstaða til æskulýðs- og íþróttastarfs að vera í fremstu röð. Það verður mikil gleðistund fyrir íbúa er fjölnota íþróttahúsið verður tekið í notkun þann 1. ágúst 2021.

Sigurjón Vídalín Guðmundsson
– Áfram Árborg
Helgi S. Haraldsson
– Framsókn og óháðum
Tómas Ellert Tómasson
– Miðflokkur
Arna Ír Gunnarsdóttir
– Samfylkingu
Eggert Valur Guðmundsson
– Samfylkingu



Myndritið sýnir fjárfestingar Svf. Árborgar fyrir A- og B-hluta á hvern íbúa í þúsundum króna fyrir árin 2002–2018 (gráar súlur), fjárfestingaáætlun sem samþykkt var í desember (bláar súlur) og endurskoðaða fjárfestingaáætlun meirihluta bæjarstjórnar fyrir árin 2019–2022 (appelsínugulur súlur) á föstu verðlagi í apríl 2019.

Brotalínan sýnir meðal fjárfestingu á hvern íbúa í Svf. Árborg árin 2002 til 2018, heila bláa línan sýnir meðal fjárfestingu sveitarfélaga á hvern íbúa á landsvísu árin 2002 til 2017 á föstu verðlagi í apríl 2019.

Myndritið sýnir einnig þróun íbúafjölda í Svf. Árborg (rauð lína) árin 2002 til 2019 með 5% íbúafjöldun á milli ára frá 2019 til 2022.

Lóðrétti ássinn til vinstri sýnir þúsundir króna, lóðrétti ássinn til hægri sýnir íbúafjölda.

Uppbygging flutningskerfis raforku

– Hver er staðan
í þinni heimabyggð?

SAMRÁÐ OG SAMTAL UM DRÖG AÐ KERFISÁÆTLUN 2019–2028

Við kynnum drög að nýrri kerfisáætlun á opnum fundum víðs vegar um landið á næstu vikum. Að kynningu lokinni gefst fundargestum tækifæri til að ræða við fólkið sem vinnur að gerð áætlunarinnar yfir kaffibolla.

**Þér er boðið á kynningarfund á Hellu
mánudaginn 20. maí kl. 12.00–14.00 á Stracta hóteli**

Komdu og kynntu þér hvað er verið að gera til að tryggja leiðina inn í framtíðina sem við vitum að verður rafmagnaðri en áður.

Íþróttir

Efni sendist á: selfoss@prentmet.is



Úrslitaeinvígi Selfyssinga og Hauka

HANDBOLTI Einvígi Selfyssinga og Hauka um Íslandsmeistaratítilinn í handbolta hófst á Ás-völlum í Hafnarfirði í gær, þriðjudag. Liðin mætast öðru sinni í Hleðsluhöllinni á Selfossi á föstudag kl. 19:30 og í

þriðja sinn í Hafnarfirði sunnudaginn 19. maí. Eins og áður hefur komið fram eru Selfyssingar í úrslitum Íslandsmeistarabótsins í fyrsta skipti í 27 ár og þurfa á öllum okkar stuðningi að halda til að ná bikarnum yfir brúna.



Keppendur Selfoss stóðu sig með miklum sóma á mótinu. Ljósmynd frá foreldrum og þjálfurum Umf. Selfoss.

Fjórir Íslandsmeistarar í yngri flokkum

JÚDÓ Íslandsmót yngri (U21) var haldið í sal júdódeildar Ármanns laugardaginn 13. apríl. Þar mætti júdódeild Selfoss með 17 keppendur. Stóðu þeir sig allir mjög vel og komu heim með fjögur gull, fjögur silfur og þrjú brons. Sáust oft flottar glímur og flott köst og átti Claudiu Sohan eitt af flottustu köstum mótsins. Ein mest spennandi glíma mótsins var úrslitaglíma Óskars Kristinsonar og Daníels úr Njarðvík, þar sem Daniel hafði betur í gullskori. Einnig átti Jakub Tomczyk margar flottar glímur.

Íslandsmeistarar

U-15 -55 kg Alexander Kuc
U-15 -60 kg Einar Magnússon
U-15 -73 kg Claudiu Sohan
U-18 -81 kg Böðvar Arnarsson
Silfurhafar
U-13 -50 kg Þórir Steinþórsson
U-18 -55 kg Óskar Kristinsson
U-18 -66 kg Jakub Tomczyk
U-21 -66 kg Jakub Tomczyk
Bronshafar
U-13 -46 kg Elmar Þorsteinsson
U-18 -55 kg Óli Guðbjartsson
U-18 -66 kg Haukur Þór Ólafsson

bp

Hundrað hlauparar tóku þátt í fimmta Grýlupottahlaupinu

FRJÁLSAR Fimmta Grýlupottahlaup ársins fór fram á Selfossvelli sl. laugardag og voru þátttakendur um hundrað talsins. Úrslit úr hlaupinu má finna á heimasíðu Ungmennafélags Selfoss, www.selfoss.net.

Sjötta og seinasta hlaup ársins fer fram laugardaginn 18. maí. Skráning hefst kl. 10:00 í Tíbrá og er fólk hvatt til að mæta tímanlega til að forðast biðraðir.

Allir eru velkomnir.

Frábær uppskera á Íslandsmótinu

FIMLEIKAR Helgina 27.–28. apríl fór Íslandsmót yngri flokka í hópfimleikum fram í Digranesi. Mótið var fjölmennt og skiptist upp í sex hluta. Selfoss átti fjögur lið í 4. flokki, tvö lið í 5. flokki og tvö lið í drengjaflokki.

Stelpurnar í 4. flokki 4, kepptu í C-deildinni og áttu frábæran dag. Þær unnu dýnuna, voru í öðru sæti í gólfæfingum og í 3. sæti samanlagt, með brons um hálsinn og stórt bros á vör.

Selfoss átti tvö lið í 4. flokki B sem áttu bæði mjög góðan dag. Röðuðu sér í efstu sætin á öllum áhöldum og uppskæru efstu sætin í samanlögðum stigum. 4. flokkur 2 varð í öðru sæti og 4. flokkur 3 sigraði flokkinn.

Stelpurnar í 4. flokki 1, sem voru í harðri baráttu um Íslandsmeistaratítil í A-flokki, urðu í öðru sæti í samanlögðum stigum, aðeins 0,065 stigum frá efsta sæti - sem er líklega einn minnsti munur sem nokkurn tímann hefur reiknast í úrslitum á Íslandsmeistaramóti.

Stelpurnar í 5. flokki áttu einnig góðan dag, þar sem leikgleðin var allsráðandi og uppskeran í takt við það. 5. flokkur 2 sigraði æfingar á gólfi og lentu í 6. sæti samanlagt. 5. flokkur 1 bar sigur úr býtum í æfingum á dýnu og lentu í 3. sæti samanlagt. Bæði lið unnu sér rétt til keppni á GK-meistaramóti FSÍ í júní.

Þá kepptu strákarinnir í kke og kky á Íslandsmótinu. Eldri drengirnir voru í harðri baráttu um Íslandsmeistaratítil en þeir lentu í öðru sæti á öllum áhöldum og í öðru sæti í samanlögðum stigum. Keppnislið kky er skipað ungum drengjum, á aldrinum 2008–2010, og enduðu þeir í fimmta sæti og áttu sínar bestu æfingar á fíbergólfi. Bæði strákaliðin okkar unnu sér inn rétt til að keppa á GK-meistaramótinu.



Selfoss kk eldri.



Selfoss 4. flokkur 4.

Í heildina var þetta frábær dagur hjá öllum liðum Selfoss sem mættu full af leikgleði og gengu út með stór bros og mikið stolt.

bki

Vel heppnað Bónusmót handknattleiksdeildar

HANDBOLTI Dagana 25.–28. apríl fór fram fjölmennasta íþróttamót á Suðurlandi og stærsta handboltamót á Íslandi þetta árið þegar Bónusmótið í handbolta fór fram á Selfossi.

Mótið er nú haldið í tólfta skipti og voru keppendur tæplega 1.400 krakkar á aldrinum 8–10 ára. Búast má við að annar eins fjöldi af foreldrum og liðsstjórum

hafi fylgt keppendum á sama tíma. 8. flokkur hóf leik á fimmtudeginum, síðan tók 7. flokkur við. Stelpumótið fór fram föstudag til laugardags og strákamótið laugardag til sunnudags. Keppt var bæði í Hleðsluhöllinni og íþróttahúsi Vallaskóla en þar gistu liðin einnig ásamt því að vera í mat. Á kvöldin voru haldnar vel heppnaðar kvöldvökur.

Yfir 100 sjálfbóðaliðar komu að mótinu sem krafðist mikillar skipulagningar. Þökk sé öflugum foreldrastarfi deildarinnar og þeim fjölmörgu sjálfbóðaliðum sem tilbúnir eru að leggja hönd á plóg, þá gengur mótið alltaf mjög vel. Krakkarnir í 4. flokk sáu um sjoppu og fór allur ágóði af sjoppusölu í ferðasjóð.



Selfoss 3.



Selfoss 2.



Selfoss 4.



Selfoss 6.




Selfoss 5.



Selfoss 7.



Selfoss 1.



Selfoss 8.



Selfoss 9.

Ljósmyndir frá foreldrum og þjálfurum Umf. Selfoss.

Vorhappdrætti handknattleiksdeildar: Folatollur afhentur

HANDBOLTI Dregið var í vorhappdrætti handknattleiksdeildar Selfoss í lok apríl og féll fyrsti vinningur, folatollur frá Auðsholtshjáleigu, í skaut Þóreyjar Jónasdóttur frá Haukadal. Alexander Már Egan, leikmaður meistara-flokks, afhenti Þóreyju vinninginn í Hleðsluhöllinni.

Vinningaskrá má finna á heimasíðu Umf. Selfoss, www.selfoss.net. Hægt er að vitja vinninga á skrifstofu félagsins í Tíbrá á skrifstofutíma.





69 keppendur á héraðsmótiinu í badminton

BADMINTON Meistaramót HSK í badminton var haldið í Þorlákshöfn sunnudaginn 5. maí síðastliðinn. Keppendur voru 69 talsins frá fjórum félögum; Dímoni, Hamri, Hrunamönnum og Þór. Mótið gekk mjög vel fyrir sig og fóru allir ánægðir heim.

Á mótiinu var stigakeppni milli félaganna, þar sem keppt var um HSK-meistaratitilinn. Hamar bar sigur úr býtum með 87 stig, Dímon varð í öðru sæti með 23 stig og Umf. Þór í þriðja með 18 stig. Úrslit mótsins má sjá á www.hsk.is.

Sex félög tóku þátt í héraðsmótiinu í borðtennis

BORÐTENNIS HSK-mótið í borðtennis var haldið á Hvolsvelli 4. maí sl. Alls tóku 64 keppendur þátt frá sex félögum; Dímoni, Garpi, Heklu, Þór, Gnúpverjum og Eyfellingi. Keppt var í 11 af 12 aldursflokkum sem í boði voru og úrslit í einstökum flokkum má sjá á www.hsk.is.

Mótið var jafnframt stigakeppni milli þátttöku-liða. Dímon hlaut 109,5 stig, Garpur hlaut 64 stig, Hekla 15,5 stig, Gnúpverjar 6,5 stig, Þór 4 stig og Eyfellingur 1,5 stig.



Frá vormóti 2018.

Vormót HSK 20. maí

Vormót HSK í frjálsum íþróttum verður haldið á Selfossvelli mánudaginn 20. maí. Mótið hefst kl. 19:00. Upphitun hefst kl. 18:00.

Keppt verður í karla- og kvennaflokkum og öllum er heimil þátttaka. Keppnisgreinar í karla- og kvennaflokkum verða 100 m, 300 m, 800 m, 100 m/110 gr., 400 m gr., hástökk, langstökk, spjótast, kúluvarp, kringlukast. Stúlkur 16–17 ára keppa í spjótast og piltar 16–17 ára keppa í spjótast og kringlukast.

Skráningarfrestur er til kl. 24:00 þriðjudaginn 14. maí nk. Skráningar berist beint inn á mótaforrit FRÍ. Sjá nánar á www.hsk.is.

Eypór Orri íþróttamaður Hrunamanna

Íþróttamaður Ungmennafélags Hrunamanna 2018 var valinn á aðalfundi félagsins sem haldinn var 7. maí sl. Að þessu sinni var það Eypór Orri Árnason körfuknattleiksmaður sem hlaut titilinn. Ragnheiður Guðjónsdóttir frjálssíþróttakona og Halla Gunnarsdóttir blakkona voru einnig tilnefndar. Frábært að eiga svona flotta afreksmenn, sem stunda íþróttir sínar vel og eru fyrirmyndir yngri leikmanna.



Eypór Orri ásamt Jóhönnu Bríeti Helgadóttur, formanni UMFH.

HSK-mót í kökuskreytingum á Fjöri í Flóa

Starfsíþróttanefnd HSK stendur fyrir keppni í kökuskreytingum á sveitahátíðinni *Fjör í Flóa* laugardaginn 25. maí nk. Keppnin fer fram í Þingborg og hefst kl. 14:45.

Keppnisrétt hafa allir 16 ára og yngri, og geta bæði einstaklingar og lið skráð sig til leiks. Keppendur fá einn kökubotn til að skreyta, hvítt smjörkrem og nammi, en hafa meðferðis allt

annað sem þeir ætla að nota, ss. kökudisk, skálar, lit, áhöld, skraut o.fl. Keppnin stendur í 45 mínútur. Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin. Skráning og allar nánari upplýsingar eru hjá Fanneyju Ólafsdóttur formanni starfsíþróttanefndar á netfanginu fanneyo80@gmail.com. Skráningu lýkur kl. 18:00 föstudaginn 24. maí.



ÚRSLITAKEPPNI KARLA

Haukar

2. LEIKUR SELFLOSS – HAUKAR
FÖSTUDAGINN 17. MAÍ KL. 19:30
HLEDSLHÖLLINNI SELFLOSSI

3. LEIKUR HAUKAR – SELFLOSS
SUNNUDAGINN 19. MAÍ KL. 18:00
SCHENKERHÖLLINNI HAFNARFIRÐI

4. LEIKUR SELFLOSS – HAUKAR
MIÐVIKUDAGINN 22. MAÍ KL. 19:30
HLEDSLHÖLLINNI SELFLOSSI

Selfoss Keflavík

UMF SELFLOSS 1936

JÁVERK Völlurinn

Þriðjudaginn kl. 19:15

JAKO Apótekarinn, olis, LINDEX, GÖL, TÍÐIL

Bókaður sjálf/ur

Það hefur aldrei verið einfaldara að bóka tíma í nudd eða snyrtingu hjá okkur. Bókaðu sjálf/ur á timatorg.is/riversides eða nældu þér í appið **Noona** og veldu tímann sem hentar þér best.

Stelpurnar á
Riverside snyrting & spa



Aðalfundur Skógræktarfélags Eyrarbakka

verður haldinn í Hallskoti
miðvikudaginn 29. maí kl. 20:00.

Frá Orlofsnefnd Árnes- og Rangárvallasýslu Greiðsla á staðfestingargjaldi

Þar sem biðlisti hefur myndast í orlofið í Borgarnesi 4.–9. október biðjum við skráðar konur að greiða staðfestingargjaldið kr. 30.000 sem fyrst og eigi síðar en 29. maí.

Þær sem eru á biðlista biða frekari upplýsinga.

Bankaupplýsingar:
0325-13-300902. Kt. 590706-1590

Sigurrós / sími 868 3160 / sillasho@gmail.com
Þórunn / sími 892 5923 / thorunnreidholt@gmail.com

Framkvæmdir og fjárfestingar í Árborg

Gísli Halldór
Halldórsson

bæjarstjóri Sveitar-
félagsins Árborgar



Magnús Gíslason, varabæjarfulltrúi D-lista og formaður Sjálfstæðisfélagsins Óðins, skrifaði í Dagskrána, þann 8. maí, um framkvæmdir og fjárfestingar sem framundan eru í Sveitarfélaginu Árborg. Magnús lýsir miklum áhyggjum af djörfum fyrirætlunum um uppbyggingu í sveitarfélaginu.

Það er ekki óeðlilegt að minnihluti sjálfstæðismanna í bæjarstjórn og jafnvel aðrir íbúar hafi áhyggjur af stórum hugmyndum um uppbyggingu í Árborg. Eftir langan tíma með litlum stórfamkvæmdum er viðbúið að fólk spyrji sig hvort nú sé hægt að framkvæma.

Sérstakar og krefjandi aðstæður eru nú til staðar í Árborg vegna mikillar íbúafjölgunar og uppsafnaðrar þarfar á framkvæmdum. Það er því ekki í boði að hugsa smátt og nauðsynlegt að leita allra leiða sem færar eru – með farsæld íbúa og sjálfbærar fjárhags sveitarfélagsins að leiðarljósi.

Það er hlutverk bæjarstjóra að tryggja að fyrirætlanir bæjarstjórnar og ákvarðanir nái fram að ganga. Jafnframt er það eitt mikilvægasta verkefni bæjarstjóra að tryggja að rekstur sveitarfélagsins og tilhögun fjárfestinga sé með þeim hætti að efnahagur og ársreikningar sveitarfélagsins verði til fyrirmyndar og reksturinn sjálfbær til lengri tíma.

Það er enginn efi í huga mér að með öflugri sveit starfsfólks á endurskipulögðu fjármálasviði

Árborgar muni takast að tryggja ábyrgan rekstur og góðan efnahag sveitarfélagsins. Á þeim góða grunninum mun einnig lagður hornsteinnur að meiri og betri árangri en áður hefur náðst í sveitarfélaginu.

Um lántökur og fjárhagsáætlun
Sjálfstæðismenn setja fram áhyggjur sínar um að Árborg hafi ekki greiðan aðgang að lánsfé frá Lánasjóði sveitarfélaga. Misskilningur þeirra á rætur að rekja til tafa í afgreiðslu Lánasjóðsins sem stöfuðu af framsetningu fjárhagsáætlunar og þeirri hefð sem hér hefur skapast við gerð fjárhagsáætlana sveitarfélagsins.

Það hefur sumsé ekki tíðkast að gera ráð fyrir fjölgun íbúa þegar fjárhagsáætlunir eru gerðar fyrir SvF. Árborg. Þegar fjölgun íbúa er 5–6% árlega, með tilheyrandi aukningu í skatttekjum sveitarfélagsins, liggur í augum uppi að slík fjárhagsáætlun gefur ranga mynd. Þetta sýnir sig glögglega í ársreikningi vegna ársins 2018 sem lagður var fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn þann 30. apríl.

Mikil fjölgun íbúa kallar á miklar fjárfestingar í innviðum en eykur jafnframt tekjur sveitarfélagsins. Ef tekjuaukningin sést ekki í fjárhagsáætlun, á móti þeim fjárfestingum sem ráðast þarf í, þá er hætt við að lánveitendur staldri við. Vanáætlaðar tekjur virðast þá ekki bera fyrirhugaðar fjárfestingar. Lánasjóðurinn gerði sér þó fyllilega grein fyrir að Sveitarfélagið Árborg réði við lántökurnar.

Bæjarstjóri hefur nú tekið forsendur fjárhagsáætlunar til endurskoðunar. Fjármálasvið mun, fyrir fund bæjarstjórnar í júní, skila hugmyndum að endurbótum á fjárhagsáætlun. Á

því leikur enginn vafi að þá mun fást betri mynd af rekstri sveitarfélagsins til næstu ára og mun það auðvelda afgreiðslu lána frá Lánasjóði sveitarfélaga, hvort heldur er til endurfjármögnunar eða nýrra fjárfestinga.

Um aðrar leiðir til fjármögnunar
Aðkoma lífeyrissjóðanna að fjármögnun stórra fjárfestingarverkefna í innviðum sveitarfélagsins hefur verið til skoðunar – og þá ætíð með hagsmuni sveitarfélagsins og íbúa þess að leiðarljósi. Sjálfstæðismenn snúa út úr og afgreiða málið með einföldum og klassískum hætti, verið sé að selja fráveituna og það sé einfaldlega gálið.

Staðreyndin er þó sú að fráveitan yrði áfram í meirihlutaeigu Árborgar, ef fjármögnun lífeyrissjóðanna kæmi til. KPMG hefur unnið úttekt fyrir sveitarfélagið og niðurstaðan er að þetta er vel framkvæmanlegt og gæti haft mjög jákvæð áhrif á efnahag sveitarfélagsins og getu þess til fjárfestinga. Þessar niðurstöður hafa verið kynntar í bæjarráði og verða kynntar bæjarstjórn í aðdraganda bæjarstjórnarfundar 15. maí. Ljóst er af úttekt KPMG að vanda þarf vel til allrar samningagerðar ef ákvörðun verður tekin um aðkomu lífeyrissjóðanna. Umrædd leið er ekkert hókus pókus dæmi, heldur væri um að ræða raunverulegt nýtt eigið fé til Árborgar með auknum möguleikum til fjárfestinga.

EKKI yrði þörf á að hækka fráveitugjöld á íbúa vegna aðkomu lífeyrissjóðanna og stendur ekki til. Til marga ára hefur verið gerð 7% arðsemiskrafa til fráveitunnar, frá aðalsjóði Árborgar, og er það herra en arðsemiskrafa lífeyrissjóðanna. Fráveitugjöld í Árborg eru þegar

í hærri kantinum og ofangreind leið fjármögnunar frá lífeyrissjóðunum verður aldrei farin ef það kallar á hækkun fráveitugjalda. Það kemur hreinlega ekki til greina.

Kostnaður af fjármögnun frá lífeyrissjóðunum með ofangreindum hætti er hinsvegar meiri en af lánsfé frá Lánasjóðnum, eða um 6,7% á móti um 2,6%, eins og kjörin eru í dag. Þess vegna verður lántaka frá Lánasjóðnum alltaf fyrsti kostur og mun vonandi duga til að ljúka öllum þeim fjárfestingum sem þörf er á í Árborg.

Uppbygging íþróttamannvirkja

Íþróttir eiga sér sterkar rætur í Árborg og eru lykillinn að góðu samfélagi. Það er því eðlilegt að við setjum markmið hátt. Til að framhald verði á góðum árangri okkar íþróttafólks þarf aðstöðu til æfinga og keppni eins og best gerist. Ef við sættum okkur við eitthvað minna en það besta þá munum við fá einmitt það.

Nú er unnið að undirbúningi fjölnota húss sem í fyrsta áfanga mun hýsa hálfan fótoltavöll og aðstöðu fyrir frjálssar íþróttir. Verið er að skoða hvernig fjárfestingunni verður best dreift á framkvæmdatímanum. Þar er horft til hagkvæmni og heppilegrar greiðsludreifingar þannig að bæjarsjóður geti tekist á við verkefnið með farsælum hætti. Markið er nú sett á að ljúka þessum áfanga á árinu 2021, enda er verkefnið of stórt til að því megi ljúka á næsta ári.

Tekjuöflun í fjárfestingaáætlun

Óþarfar eru áhyggjur formannsins yfir sölu lóða og fjárfestingum í gatnagerð. Tekjum af lóðasölu er eingöngu ætlað að fjármagna gatnagerð og veituframkvæmdir og eru þær

því ekki undirstaða fyrir önnur rekstrargjöld sveitarfélagsins. Það hefur tafist að hægt væri að hefja framkvæmdir við gatnagerð í Björkustykki og gæti jafnvel seinkað fram yfir áramót. Bæjarsjóði verður í lófa lagið að stilla saman gatnagerð og gatnagerðargjöldum. Engu tjóni veldur þó færa þurfi þessar stærðir að einhverju leyti milli ára í fjárhagsáætlun.

Mikilvægt er að leggja aukna áherslu á að samræma framboð lóða við þarfir markaðarins. Einnig þarf að skipuleggja vel sölu lóða og gatnagerðarframkvæmdir, með hliðsjón af greiðsluflæði sveitarsjóðs og þannig að framkvæmdir gangi vel fyrir sig. Allt er þetta hægt og snýst fyrst og fremst um gott skipulag.

Styrkari stoðir

Vel hefur gengið að innleiða hjá sveitarfélaginu nýtt skipurit sem ætlað er að auðvelda starfsfólki að ná hámarksárangri. Almennt hefur starfsfólk verið tilbúið í breytingar, enda vissu flestir að breytinga var þörf til að takast á við vaxandi verkefni í Árborg.

Gott skipulag, valdefling starfsfólks og nýjar tæknilausnir, sem bjóðast í dag, mun auðvelda fólki störf, flýta fyrir, bæta gæði og draga úr hættu á mistökum. Þessi vinna stendur yfir og gengur hratt og vel. Meðal annars er horft til ábendinga sem fram komu í úttekt Haraldar L. Haraldssonar í þeirri vegferð að gera betur í rekstri sveitarfélagsins.

Með góðu starfsfólki sem hefur tæki, töl, stuðning og skýr markmið til að ná fram sínu besta í þágu íbúanna, munu íbúar fá að sjá og taka þátt í miklum framförum í sveitarfélaginu á næstu árum.

Samningur um afsetningu á sorpi í Ölfusi

Fyrir fundi bæjarstjórnar Ölfuss, sem haldinn var 30. apríl sl., lá samningur við Íslenska gámafélagið um að lágmarka það magn sem fer til urðunar með því að senda efni sem annars færi til urðunar til orkunýtingar í Evrópu.

Í fundargerð frá fundinum kemur fram að Sveitarfélagið Ölfus hefur undanfarin ár stefnt að því að flokka sem allra mest af þeim úrgangi sem fellur til frá heimilum. Þar segir einnig að sveitarfélagið sé án efa meðal framsæknustu sveitarfélaga í þeim efnu þar sem íbúum er gert skylt að flokka úrgang frá heimilum í fjóra flokka. Einn þeirra flokka er almennur úrgangur og hefur sá flokkur farið í urðun hingað til.

Með samningnum við Íslenska gámafélagið er sveitarfélagið að leita

leiða til að nýta það hráefni til orkunýtingar í brennslustöð í Rotterdam. Verður orkan sem fæst við brunann nýtt til framleiðslu á heitu vatni og rafmagni til notkunar í Rotterdam. Verði framvinnan sú sem sveitarfélagið bindur vonir við verður hægt að nýta yfir 95% af þeim úrgangi sem fellur til frá heimilum í Ölfusi til einhverskonar endurvinnslu. Samningurinn er gerður til eins árs og



gildir frá 1. maí 2019. Verð fyrir hvert kg er 29 kr. án vsk. og miðast við gengi evru.

Á bæjarstjórnarfundinum var eftirfarandi tillaga lögð fram og samþykkt samhljóða: „Bæjarstjórn er jákvæð fyrir því að gengið verði til samninga sem tryggt geta umhverfissvænni og hagkvæmari kosti en nú er. Með vísan í innkaupareglur sveitarfélagsins felur bæjarstjórn bæjarstjóra að láta fara fram athugun á því hvort að fleiri aðilar bjóði upp á samsvarandi þjónustu og sé svo að fyrir liggja mögulegur kostnaður við slík þjónustukaup. Að því gefnu að fjárhæðir og þjónusta eins og hún kemur fram í þeim samningi sem liggur fyrir sé sú hagstæðasta sem býðst samþykkir bæjarstjórn samninginn og felur bæjarstjóra að ganga frá undirritun hans.“

Herra Mosi býr í hraunbreiðum Skaftárhrepps

Herra Mosi er fyndin, skemmtileg og fræðandi teiknimynd, þar sem mosaálfurinn hr. Mosi sýnir okkur hvernig við mannfólkið eigum að breyta hegðun okkar þannig að við virðum og verndum mosann og annan gróður. Þessi stutta teiknimynd er ákall til allra þeirra sem heim-sækja eða búa á Íslandi, um að virða og sýna ábyrgð gagnvart íslenskrum náttúru.

Hugmyndin að verkefninu kviknaði í fjölþjóðlegu samstarfsverkefni sem kallast Ascent og hefur það markmið að auka fagþekkingu og bæta vinnubrögð við göngustígagerð og uppbyggingu áningastaða með náttúruvernd að leiðarljósi. Á Íslandi leiðir Land-

græðsla ríkisins vinnuna en Skaftárhreppur tekur þátt með sérstaka áherslu á umgengni ferðamanna í Eldhrauni. Bob Aitken, skoskur sérfræðingur, kom hingað til lands og er myndbandið byggt á hugmynd frá honum sem varð til í hópinnu Ascent.

Hr. Mosi er borsækja eða búa á Íslandi, um að virða og sýna ábyrgð gagnvart íslenskrum náttúru. Þessi stutta teiknimynd er ákall til allra þeirra sem heim-sækja eða búa á Íslandi, um að virða og sýna ábyrgð gagnvart íslenskrum náttúru.

Stuttmyndin (1,41 mín.) var frumsýnd á viðburði Kötlu jarðvangsvikunnar á Kirkjubæjarklaustri þann 30. apríl sl.



Kiwanishreyfingin afhenti hlífðarhjálma

Kiwanishreyfingin á Íslandi hefur um langt árabil skipulagt dreifingu hlífðarhjálma til 7 ára barna um allt land. Eimskip hf. stendur að öllum kostnaði við innkaup og flutning á hjálmunum. Allt frá árinu 2004 hefur fyrirtækið veitt þessa öryggisþjónustu til allra 7 ára barna á Íslandi. Áður höfðu einstakir klúbbar annast þetta verkefni hver á sínu félagssvæði. Kaldbakur á Akureyri mun hafa byrjað með þetta verkefni 1991 og annaðist innkaup á hjálmunum. Búrfell á Selfossi byrjaði 1997 og fékk hjálma hjá Kaldbak en



síðar hjá öðrum innflytjendum. Tryggingafélagin TM, VÍS og Sjóvá styrktu þessa starfsemi sjö fyrstu árin, en síðan tók Eimskip verkefnið að sér. Markmið verkefnisins er að auka öryggi barna í umferðinni og við hjólreiðar með því að gefa öllum börnum í fyrsta bekk grunnskóla á Íslandi hlífðarhjálma

Hvernig eru þessir hjálmar sem börnin fá?
Hjálmarir hafa breyst talsvert frá því í fyrstu og nýttast nú við fjölbreyttari tómstundaiðkun en áður. Auk þess sem stór

flötur hjálmsins virkar nú sem endurskinsmerki. Hjálmarir nýttast vel fyrir hjólreiðafólk og notendur hjólaskauta og hjólabretta.

Þrír hjálmar brotna, enginn slasast

Hver er ávinningur af þessu landsátaki? Strax á þriðja ári höfðu þrjú slys orðið í umferðinni á Selfossi þar sem þrír hjálmar brotnuðu hjá hjólríðandi börnum. Ekkert barnanna slasaðist á höfði.

Hjálmur þétt um höfuðið höggum á að varna. Eimskip veitir verðmætt lið að verjast slysum barna. Hj.Þ

Lagning ljósleiðara í Bláskógabyggð

Á íbúafundi sem haldinn var í Aratungu fyrir skömmu var gerð grein fyrir því verkefni sem hafið er við lagningu ljósleiðara í Bláskógabyggð. Sérstök heimasíða hefur verið opnuð vegna verkefnisins, www.blaskogaljos.net, og er jafnframt hlekkur á hana á forsiðu heimasíðu sveitarfélagsins. Á síðunni eru gagnlegar upplýsingar, svör við mörgum algengum spurningum og umsóknareyðublað.


Á næstunni hefjast heimsóknir á heimili og til fyrirtækja í dreifbýli til að kanna áhuga á að taka inn ljósleiðara og ræða um lagningu. Samþykkt hefur verið gjaldskrá fyrir verkefnið og skv. henni er stofngjald 202.000 kr. auk vsk., eða alls 250.000 kr. Staðir, sem ekki eru skilgreindir sem styrkhæfir, greiða auk þess sem næst raunkostnaði við heimsaug. Styrkhæfir staðir eru íbúðarhús í dreifbýli, þar sem skráð er lögheimili og föst búseta, og fyrirtæki í dreifbýli, þar sem stundaður er rekstur, auk nokkurra annarra tegunda húsa (kirkjur, veiðihús t.d.).

Reglur verkefnisins „Ísland ljóstengt“, sem er verkefni á vegum ríkisins þar sem veitt er styrkjum til sveitarfélaga til lagninga ljósleiðara í dreifbýli, gera það að verkum að ekki eru veittir styrkir til að tengja íbúðarhús og fyrirtæki í þéttbýli og heldur ekki til að tengja sumarhús. Því til grundvallar liggur það mat stjórnvalda að tengingar í þéttbýli séu almennt betri en í dreifbýli og því sé ekki eins mikil þörf á að leggja opinbert

fé í að bæta tengingar þar, en einnig koma samkeppnisjónarmið inn í að því leyti að óheimilt er að veita opinberu fé, hvort sem er frá ríki eða sveitarfélögum, til að niðurgreiða þjónustu þar sem fyrir er tenging, eins og t.d. ljósnetið.

Þrátt fyrir það hvetur Bláskógabyggð íbúa í þéttbýli, hvort sem er í Laugarási, á Laugarvatni eða í Reykholti, til að sækja um tengingu, ef þeir hafa áhuga á að taka inn ljósleiðara. Með þeim hætti fást upplýsingar um hver þörfin er fyrir ljósleiðara á þessum stöðum og ef þátttaka verður góð getur verið mögulegt að leggja ljósleiðara í þéttbýlisstaðina. Verði þátttaka það góð að stofngjaldið dugi til að greiða kostnað við verkefnið þá yrði ekki innheimt herra gjald en sem nemur stofngjaldinu. Því eru íbúar hvattir til að sækja um, hafi þeir áhuga, en rétt er að taka fram að ekki verður tengt hjá neinum nema búið sé að hafa samband við viðkomandi og gera grein fyrir kostnaði. Íbúar eru því ekki að skuldbinda sig til greiðslu óskilgreindrar upphæðar með umsókn sinni.

Jafnframt hvetur Bláskógabyggð eigendur sumarhúsa sem hafa áhuga á tengingu til að sækja um og verður farið yfir þær umsóknir. Í gjaldskrá Bláskógaljóss er gerð grein fyrir því að heimilt er að jafna út kostnaði í sumarhúsaahverfum, þannig að hver tengistaður greiði sama gjald, óháð raunkostnaði. Ekki er gert ráð fyrir að farið verði í sumarhúsaahverfi nema þátttaka verði um 60%.



MÍMIR NEMENDAFÉLAG MENNTASKÓLANS AÐ LAUGARVATNI

SÆLIR SUNNLENDINGAR!

Það er svo sannarlega mikið að gera í Menntaskólanum að Laugarvatni um þessar mundir.

Útskriftarárgangurinn hélt sína árlegu fjáröflun og var hún þetta árið róðursmarþón. Þau réru sem sagt tvö í einu yfir Laugarvatn og til baka og skiptu síðan. Þannig gekk það í heilan sólarhring. Því núna stýttist í útskriftarferðina þeirra og er förinni heitið til Krítar.

Árlega hreystikeppnin, ML Tröllid og ML Skessan var haldin núna 2. maí síðastliðin. Þetta var æsispennandi keppni og hlaut Axel Fannar titilinn sem tröll ML og Birgitta Saga hlaut titilinn Skessa ML. Það þýðir sem sagt að þau eru sterkustu nemendur skólans af þeim sem tóku þátt.

Nemendur ákváðu síðan að koma saman í N-stofu 6. maí og héldu karaokevöld. Það var mikið sungið, hlegið og skemmtu sér allir konunglega.

Þriðjubekkingar dimmteruðu þann 8. maí en þá fylltist þorpið af bleikum pardusum sem sungu, dönsuðu og voru öllum til mikillar gleði.



Nú er þetta skólaár að verða búið og útskrifast stór árgangur af stórglæsilegum krökkum þann 25. maí en við mætum galvösk aftur í haust þar sem nýnemar bætast í hópinn

Umsjón: Krístrún Urður og Sindri Bernholt



BARNAVERNDARSTOFA

Afleysingar á Lækjarbakka

Barnaverndarstofa auglýsir starf matráðs við meðferðar- og skólaheimilið Lækjarbakka, 851 Hellu. Um er að ræða afleysingar vegna forfalla frá júní til ágústloka.

Meginverksvið er umsjón með eldhúsi, matreiðslu og rekstri eldhúss.

Jafnframt skal viðkomandi taka virkan þátt í öllum heimilisstörfum og öðrum tilfallandi verkefnum. Leitað er að einstaklingi með góða samskiptahæfni og reynslu af störfum með unglingum.

Upplýsingar veitir Yngvi Karl Jónsson forstöðumaður í síma 487 5163 eða á netfangið yngvi@bvs.is.

Laun skv. kjarasamningum SFR og ríkisins. Umsóknir skulu berast til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík eða á netfangið bvs@bvs.is.

Umsóknarfrestur er til og með 24. maí nk.

Föstudaginn 17.maí höldum við uppá 3 ára afmælið okkar hér á Selfossi.

Allt að 50% afsláttur í versluninni

577-2111
Selfoss@ab.is
Gagnheiði 34

Gtechniq kynning
kl 12-17.maí

GTECHNIQ



- ALLTAF BETRI

britax

römer





Ferskar fréttir á hverjum degi!

Samstarfsaðili óskast

Óskum eftir samstarfi við veitingamann til að sinna veitingastað á Hvolsvelli. Um 200.000 manns heimsækja staðinn á hverju ári og er aðaltíminn að fara í hönd. Eignarhald kemur til greina.

Vinsamlega hafið samband í tölvupóstfangi
gh@sjostjarnan.is



Lokun á Austurvegi - Þjóðvegi 1 milli Langholts og Laugardælavegar

Selfossveitur auglýsa í samstarfi við Vegagerðina lokun á hluta Austurvegar - Þjóðvegi 1 vegna framkvæmda á svæðinu frá Langholti að Laugardælavegi. Lokunin hefst þann 13. maí 2019.

Framkvæmdirnar snúast um endurnýjanir í veitukerfum Selfossveitna til að mæta þörfum stækkandi byggðar.

Vegfarendur eru beðnir um að gaumgæfa vinnusvæðamerkingar vel og fara eftir tímabundnum merkingum, því þær eiga að tryggja öryggi allra í grennd við framkvæmdasvæðið. Breytingar munu verða á skiltum og leiðbeiningum á verk tíma og því mikilvægt að veita þeim fulla athygli.

Hjáleiðir verða um Langholt, Larsenstræti og Gaulverjabæjarveg. Aðgengi um Laugardælaveg og Langholt geta takmarkast að hluta á meðan framkvæmdum stendur.

Full aðgát og tillitssemi í garð verktaka og annarra vegfarenda eru lykilatriði í að framkvæmdin gangi hratt og örugglega fyrir sig. Beðist er velvirðingar á þeim óþægindum sem kunna að verða vegna framkvæmdarinnar.



Lífið er of stutt fyrir leiðindi

- segir lestrarhesturinn Heiðrún Dóra Eyvindardóttir

Heiðrún Dóra Eyvindardóttir Herforstöðumaður Bókasafns Árborgar og með meistaraþráðu í bókasafnsfræðum frá Háskóla Íslands. Hún er fædd í Reykjavík en er að þremur fjórðu hlutum úr Árnæssýslu, dóttir Eyvindar Erlendssonar leikstjóra og Sjafnar Halldórsdóttur fyrrverandi kaupmanns og eiganda Sjafnarblóma á Selfossi. Hún segist vera stórfjölskyldubarn því hún ólst mikið upp hjá ömmum sínum og öfum.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Það kemur trúlega engum á óvart að ég hef þokkalega gaman af að lesa og hef alltaf stafla á náttborðinu, en viðurkenni fúslega að sumt fer ólesið aftur á safnið. Ég er nefnilega þeirrar skoðunar að lífið sé of stutt til að lesa leiðinlegar bækur, hörmungarbækur um hræðileg örlög dettur mér ekki í hug að leggja á mig lengur. En núna er ekkert slíkt á mínu náttborði, þar er bók sem heitir *Silkworm* sem er númer tvö í sakamálasériu eftir Robert Galbraith sem er dulnefni J. K. Rowling. Fínar sakamálasögur hjá henni og sögupersónur sem gaman er að kynna. Ég er líka loksins að lesa *Bláu trén í Friðheimum* og það kemur til af því að leshringurinn á Bókasafninu er að lesa hana núna fyrir maí hittinginn. Ég hef aldrei verið í leshring áður og það koma mér á óvart hvað mér finnst það skemmtilegt að deila áliti með fólki og fá aðra sýn á bók sem maður hefur verið að lesa. Svo er ég með bók sem ég er búin að vera með í marga mánuði en sú heitir *Jonathan Strange and Mr. Norrell* eftir Susanna Clark. Einn vinnufélagi minn á safninu benti mér á hana og hún er alveg frábær ritsmíð en skrifuð á biblíuletri og svo er hálf síðan neðanmálsgrein með agnarsmáu smáaletri og ég þyrfti bæði gleraugu og stækkunargler en samt tími ég ekki að fara á hundavaði yfir hana af því hún er svo vel skrifuð og sköndin. Hún fjallar um meinta endurreisn galdrasamfélagsins á Englandi á níttjándu öld. Ég hef mjög



Heiðrún Dóra Eyvindardóttir.

gaman af svona ævintýrabókum og mesta gróskan í skrifum núna er í fantasíum og margir frábærir höfundar að skrifa á þeim akri.

Ertu alin upp við lestur bóka?

Ég las grimmt sem krakki en man ekki mikið eftir að það hafi verið lesið fyrir mig. En ég man að við systkynin sváfu um í þremur kójum - ég á miðhæðinni - og var sú eina sem fékk lampa í

kojuna mína því það þýddi ekki að biðja mig um að hætta að lesa. Og eins og hjá mörgum af minni kynslóð var Enid Blyden í uppáhaldi. *Ævintýrabækurnar* sérstaklega, svo rauðu bækurnar sem var flokkur barnabóka meðal annars *Pollyanna* og *Stjarna visar veginn* og fleiri bækur. Get ekki sagt að þessar bækur eldist mjög vel en mér þótti hinsvegar gaman að lesa *Hildu á Hóli* aftur. Þær bækur eru allmerk lýsing á högum fátæks fólks. En ég las bara allt sem var til. Ég hélt til að mynda að *Barnæska mín* eftir Maxím Gorkí væri barnabók og barðist í gegnum hana en ákvað svo að láta framhaldið eiga sig. Ég fór á *Jesus Krist Súperstar* þegar ég var þrettán ára og gerðist ofurtrúuð og þar með þurfti ég að lesa *Biblíuna* og barðist í gegnum gamla testamentið og hætti þar bæði biblíulestri og trú.

Áttu þér einhverja uppáhaldsbækur eða höfunda?

Ég elskaði skólaljóðin mín og mörg ljóðanna þar eiga enn stað í hjarta mínu og ég upplifði

þau og skynjaði eins og sögur og sannleika. Ég las talsvert af ljóðum sem krakki og fram á táningsár en einhverra hluta vegna er ég ekki jafn dugleg við það lengur. Dáist samt einlæglega að góðum höfundum eins og Elísabetu Jökulsdóttur sem getur sagt heila og merkilega sögu í tveimur til þremur línunum og *Blóðhófnir* hennar Gerðar Kristnýjar er í algjöru uppáhaldi hjá mér. En ég held samt að Gyrðir Elíasson komist næst því að vera uppáhalds. Það er eins og textinn hans hreinsi í mér blóðið. Hann rennur svo fallega fram.

En lestrarvenjur þínar. Hvernig eru þær?

Ég les í skorpum. Ég hef alltaf eitthvað að fletta og einstaka sinnnum dett ég á bólakaf í bók og finnst veruleg truflun af svefni og vinnu og þessháttar óþarfa sem erfitt er að komast hjá. Ég elska slíkar bækur. Fyrir ótal mörgum árum fékk ég í hendur bók sem hafði ferðast með íslenskrir kunningjakonu minni alla leið frá Nýja Sjálandi. Bókin heitir *The Bone People* og er eftir konu sem heitir Keri Hulme sem er Maori að hluta. Fyrstu þrjátíu síðurnar voru fyrirhöfn en eftir það var það hreint kvalræði að þurfa að gera eitthvað annað en lesa. Ég endaði á að hringja mig inn veika í vinnuna einn dag og skammast mín ennþá svolítið en ég var samt nánast aldrei veik svo ég ákvað að mér fyrirgæfist. Það er líka merkilegt með bækur að þær eiga sumar sinn tíma. *Bókaþjófurinn* er til dæmis bók sem ég reyndi aftur og aftur að lesa og komst aldrei lengra en á blaðsíðu 20. Svo í fjórða eða fimmta skiptið sem ég tók hana þá allt í einu var þetta þvilíkt góð saga og auðlesin.

Hvernig bækur myndir þú skrifa ef þú værir rithöfundur?

Sjálf er ég því miður hæfileikalaus þegar kemur að bókaskrifum en herra minn hattu hvað það hlýtur að vera gaman að geta skrifað bækur eins og Harry Potter sem fær kynslóðir til að bíða í biðröðum eftir næstu bók og gefur óteljandi litlum og stórum lesurum gæðastundir sem gleymast ekki.

Gott framboð af notuðum bókum á Selfossi



Þeir sem hafa yndi af að grúska í bókum og jafnvel safna bókum geta án efa fundið ýmislegt skemmtilegt á Selfossi. Þar er á þremur stöðum hægt að kaupa notaðar bækur fyrir gott verð. Bókakaffið á Selfossi selur bæði nýjar og notaðar bækur. Þar eru um 20.000 titlar notaðra bóka á skrá og er m.a.

hægt að skoða notuðu bækurnar á netinu á netbokabud.is. Í Bókasafni Árborgar er hægt að kaupa notaðar bækur fyrir 100 krónur. Einnig er mikið magn af notuðum bókum til sölu hjá Nytjamarkaðnum á Selfossi. Þar ræður bókaormurinn hvað hann greiðir fyrir bókina.

Frh. á næstu síðu.

Fólk ræður hvað það greiðir fyrir bækurnar

– Dagný Dögg Sigurðardóttir í Nytjamarkaðnum á Selfossi



„Fólk kemur hingað og gefur okkur bækur. Það eru að koma einhverjar bækur nánast á hverjum einasta degi. Við fáum mjög mikið magn af bókum og reynum að koma sem mestu út. Það er mikil hreyfing á þeim sem betur fer. Það eru frjáls framlög þegar fólk kemur og kaupir bækur hjá okkur. Það þýðir að fólk ræður hvað það greiðir fyrir bækurnar. Það á við um flestar bækurnar. Teiknimyndasögurnar seljum við reyndar á 500 krónur

og er það alltaf fast. Eins ef við fáum verðmætari fornþekktar þá eru þær verðmerktar sér. Lang stærstur hluti bókanna er þannig að fólk fær að velja hvað það borgar fyrir. Flestir borga 100–300 krónur fyrir bókina. Síðan er fólk sem er að borga 10–20.000 fyrir tvær bækur. Það er þá að hugsa það sem styrk til okkar. Stundum kemur fólk og tekur nokkra kassa af bókum og veitir okkur einhvern styrk á móti. Ég er sjálf svo mikill bókaormur að mér finnst mikil synd að bækurnar fari í endurvinnslu. Þannig að ég er ánægð með þetta fyrirkomulag. Það wver erfitt að segja hvað fer mikið af bókum frá okkur en það fara nokkrar bækur á hverjum einasta degi. Síðan kemur sumarbústaðafólkið mikið til okkar á sumrin. Þá koma þau og taka alveg bunkann af bókum. Mesta hreyfingin á bókunum er um helgar eða fyrir þær. Þá er rosalega mikið að fara.“

Yfir 20.000 titlar af notuðum bókum

– Halldóra Ósk Eiríksdóttir hjá Bókakaffinu á Selfossi



„Við erum með yfir 20.000 titla af notuðum bókum. Hér fyrir innan í búðinni eru notaðar bækur, allt verðmerkt á fyrstu blaðsíðu. Þetta er allt flokkað og kostar frá 300 upp í 100.000 kall. Við fáum líka gám frá Ameríku með notuðum bókum, helst á ensku, fyrir túristana. Við innganginn erum við með allar bækur á 700 kr. og tvær á 1.000 kr. Svo erum við með notaðar barnabækur líka. Við erum með lager af

bókum niður á Eyravegi og í kjallaranum og bílskúmunum hjá eigendunum við Austurvegin. Svo erum við með heimasíðu sem heitir netbokabud.is. Þar er hægt að leita að titli eða höfund. Þar stendur líka hvort bókina sé harðspjalda eða kilja. Ég er með kort þar sem ég get séð hvar bókina er að finna. Stundum þarf ég að fara yfir götuna til að ná í bók. Það er góð sala í notuðum bókum. Þær fara mikið út. Fólk kemur alveg úr Reykjavík bara til að skoða notuðu bækurnar. Það er töluvert um það að fólk komi hingað með bækur sem það er að losa sig við og gefur okkur þær. Við kaupum örsjaldan notaðar bækur. Ekki nema það sé eitthvað svaka sérstakt. Ef fólk kemur með marga kassa tókum við kannski einn hingað inn en hitt fer niður á Eyraveg þar sem farið er í gegnum það.

Fólk grefur sig í gegnum bókastaflana

– Hrönn Sigurðardóttir hjá Bókasafni Árborgar á Selfossi



„Við erum með bækur til sölu við innganginn hér á Selfossi. Það eru bækur sem fólk hefur komið og gefið okkur. Fólk kemur hingað með kassa af bókum sem við förum í gegnum, notum það sem við getum notað úr gjöfinni, flokkum og seljum og sumu hendum við. Við bætum reglulega í söluborðið. Það fer

glettilega mikið af þessu. Þessar bækur kosta náttúrulega ekki neitt, 100 kall stykkið. Þannig að við erum sífellt að bæta á. Síðastliðin tvö ár höfum við verið með stærri bókamarkaði í tengslum við bæjarhátíðina Sumar á Selfossi. Þá röðum við bókum í tröppurnar hérna úti. Þá eru mismunandi verð á þeim. Þær eru þá oftast veglegri gjafir sem við höfum geymt annað hvort niðri í kjallara eða uppi í hillu. Það koma hingað hinir og þessir og kaupa bækur. Við fáum t.d. alltaf einn sem er bókasafnari. Hann kemur reglulega og grefur sig í gegnum staflana og kaupir alltaf eitthvað. Ágóðinn af sölu notuðu bókanna fer í sjóð sem við notum í fræðsluferðir fyrir starfsmenn safnsins.“

Varmadælur

Hagkvæmur kostur til upphitunar

Loft í loft varmadælur og loft í vatn varmadælur



- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir
- Hægt að fá WiFi sendi svo hægt sé að stjórna dæluinni úr GSM síma

Verð frá aðeins

kr. 145.000 m.vsk

Midea KMB-E09

Max 3,4 kW

2,65 kW við -7° úti og

20° inni hita (COP 2,85)

f. íbúð ca 40m².

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

Rauðagerði 25 · 108 Reykjavík · Sími 440 1800 · www.kaelitaekni.is

Umhverfissvænn kælimiðill



Léttum þér lífið
dagar

**VERTU Í HÓPI ÁNÆGÐRA
VIÐSKIPTAVINA**

Dagar þjónusta fyrirtæki með reglulegar ræstingar, hreingerningar, viðhald gólfa og annað sem þarf til að viðhalda húsnæði. Okkar 800 manna hópur leysir frá degi til dags fjölbreytt verkefni á 20 stöðum á landinu. Dagar búa að áratuga reynslu sprottinni úr alþjóðlegu samstarfi sem hefur fært okkur vel mótað verklag og stranga staðla. Þar haldast skipulag og sveigjangleiki hönd í hönd, þótt sólarhringurinn sé alltaf 24 klukkustundir eru engir tveir dagar eins.

Við hlökkum til að léttu þér lífið með bros á vör

Hafðu samband við Krístrunu í síma 693 4934 eða kristrun@dagar.is eða Helgu Flosa í síma 854 1610 eða helga@dagar.is

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA fundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

**Geðræktarmiðstöðin
Batasetur Suðurlands**
Opnunartími í vetur
miðvikudaga kl. 10-14
Kaffi Líf (við hliðina á Nettó)
föstudaga kl. 10-14
í Strókhúsinu

HEILSA

Hugurinn,
líkaminn
og sálin



Íslandsdax hugsanir breyta deginum

Energy Touch • Nudd • Nálastungur • Návítandi
Sími 693 2197

Ragnhildur Sigurðardóttir
Gæðing í fjölbreyttum
líkamsmeðhöndlun
Hug, Yngja, MJP Master/Coach
www.thesoulflower.is

ÞJÓNUSTA



FATAVIÐGERÐIR
Afgreiðsla/móttaka opin frá
kl. 11:00-15:00 alla virka daga
SAUMASETRIÐ SELFOSSI
Austurvegi 9 (2. hæð)
lyfta í húsinu
Sími: 898 1430
Facebook: Saumasetrið Selfossi

ÞJÓNUSTA



S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

**Bókhald - ráðgjöf
skattskil**

**Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki**

Persónuleg þjónusta

**STEYPUSÖGUN - KJARNABORUN - INNRÖMMUN -
TVÍBLADASÖGUN FYRIR
HITALÖGNUM**

Saga dyragöt, gluggagöt og
fleira í steinsteypu.
Kjarnaborun fyrir lögnum.
Ramma inn myndir,
spegla og fleira.

Annast einnig sólpallasmiði.

ÁSGEIR EGGERTSSON

Sléttuvegi 6, Selfossi

Sími 893 9068

STEINSTEYPUSÖGUNIN ÁS ehf.



UNDRALAGNIR
ÖLL ALMENN PÓPLACANINGA ÞJÓNUSTA

Ólafur Karl Línar Sími 8404768 undralagnir@gmail.com

ÞJÓNUSTA

Málar grindverk

Kona tekur að sér að mála
grindverk fyrir sanngjarnan
pening. Í Hveragerði, Sel-
fossi, Stokkseyri og Eyra
bakka. Er til í að fara í sveit-
irnar í kring sé þess óskað.
Uppl. í síma 454 5270.

BÍLAR



Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástillingar



Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

TIL SÖLU



TIL SÖLU VW TRANSPORTER
skoðaður 2020. Árgerð 1999.
Ný tímæreim, ný víftureim og
bremsuborðar. Góður ferðabíll.
Tilboð óskast. Uppl. í síma
663 9039.

KIRKJUR

Kotstrandarkirkja

Messa og aðalfundur sunnu-
daginn 19. maí kl. 14. Verið
hjartanlega velkomin til góð-
ar og gefandi stundar í Kot-
strandarkirkju á sunnudaginn
kemur. Að messu lokinni verður
aðalfundur Kotstrandar-
sóknar haldinn í kirkjunni þar
sem fram fara venjuleg aðal-
fundarstörf, þ.á.m. kjör í kjör-
nefnd prestakallsins. Sr.
Gunnar Jóhannesson þjónar
og kirkjukór Hveragerðis- og
Kotstrandarsókna syngur við
undirleik Örlygs Atla Guð-
mundssonar.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Sunnudaga kl. 11:00. Sam-
koma, barnastarf og kaffi-
veitingar. English translation
available. Þriðjudaga kl. 19.30
unglingasamkoma. Bæna-
stund kl. 18 mánudag, þriðju-
dag, miðvikudag, föstudag og
kl. 14 fimmtudag. Allir innilega
velkomnir. selfossgospel.is.

Aðventistar

Laugardaginn 18. maí 2019
verður dagsferð til Vest-
mannaeyja og því lokað í safn-
aðarheimili aðventista á
Eyravegi 67. Farið verður til
Vestmannaeyja með Herjólfri
kl. 10:45 og komið til baka kl.
19:30. Samkoma verður í
Aðventirkirkunni að Brekastíg
16 kl. 11:30.

Selfosskirkja

Sunnudaginn 19. maí kl. 11:00
verður hin árlega krossamessa.
Þeir unglingar sem ljúka störf-
um hjá kórnum eru heiðraðir
og fá afhent sérsmíðað háls-
men frá kirkjunni. Kirkjukórinn
og Unglingakórinn syngja og
verður kórsöngurinn í fyrir-
rúmi í athöfninni. Stjórnandi
Unglingakórsins er Eyrún
Jónasdóttir og organisti er
Ester Ólafsdóttir. Prestur Guð-
björg Arnardóttir

Skálholtsdómkirkja

Messa sunnudag 19. maí kl.
11.00. Sr. Skírinn Garðarsson
annast prestsþjónustuna.
Organisti er Jón Bjarnason.

Hveragerðiskirkja

Messa og ferming sunnu-
daginn 19. maí kl. 11.
Verið hjartanlega velkomin til
góðrar og sumarlegrar stund-
ar í Hveragerðiskirkju á sunnu-
daginn kemur. Í messunni
fáum við að samgledjast
þremur ungmennum sem
fermast þennan dag.
Sr. Gunnar Jóhannesson þjón-
ar og kirkjukór Hveragerðis-
og Kotstrandarsókna syngur
við undirleik Örlygs Atla
Guðmundssonar.



NÝ ÞJÓNUSTA Á SELFOSSI

LJÓSMYNDAR PRENTUN

FRAMKALLAÐU MYNDIRNAR ÞÍNAR HJÁ OKKUR!




SÍMI 482 1944
SELFOS@PRENTMET.IS
EYRAVEGUR 25, SELFOS

Til hamingju með daginn kæru fjölskyldur!

Alþjóðadagur fjölskyldunnar er 15. maí. Það var að tilstuðlan Sameinuðu þjóðanna árið 1994 að 15. maí var tileinkaður fjölskyldum heims. Markmið alþjóðlega dagsins er að vekja fólk til umhugsunar um þau vandamál sem stöðja að fjölskyldum og að eyða fordómum gegn hinum ýmsu fjölskylduformum ásamt því að vekja athygli á þeim áhrifum sem félagsleg og efnahagsleg þróun hefur á fjölskyldur. Allar fjölskyldur eiga að hafa sömu tækifæri í heiminum án tillits til samsetningar, trúar og stærðar. Árlegt þema dagsins snýr að bættri menntun, loftslagsmálum og sjálfbærni. Í tilefni dagsins langar mig að vekja athygli á og kynna fjölskyldumeðferð veitta af fjölskyldufræðingum sem jákvætt úrræði þegar vandamál koma upp í fjölskyldum.

Menntun fjölskyldufræðinga

Nám í fjölskyldumeðferð geta einstaklingar sótt sem lokið hafa háskólanámi í heilbrigðis- eða félagsvísindum eða annarri sambærilegri menntun. Fjölskyldumeðferðarnámið er fjögurra missera diplómanám á meistarastigi kennt í Endurmenntun Háskóla Íslands. Stór hluti námsins er að kenna nemendum að þekkja sjálfa sig og hvers vegna brugðist er við áreitum á ákveðinn hátt. Fjölskyldusaga nemenda er skoðuð með tilliti til áfalla og samskipta innan fjölskyldunnar og hvaða áhrif þessir þættir hafa haft á viðkomandi. Fjölskyldufræðingar hafa einnig fengið þjálfun og kennslu í því að rýna í samskipti, samskiptamynstur og hvers vegna samskipti innan fjölskyldna hafa mismunandi áhrif á einstaklingana.



Góð tengsl hafa forvarnargildi

Fjölskyldufræðingar líta svo á að fjölskyldan sé ein áhrifamesta eining þjóðfélagsins varðandi mótun og þroska einstaklinga. Fjölskyldur eru allskonar og skilgreindar á mismunandi hátt milli einstaklinga. Mikilvægt er að átta sig á að hver fjölskylda er einstök. Góð tengsl í fjölskyldum hafa mikið forvarnargildi varðandi félagslega, andlega og líkamlega líðan. Fjölskyldufræðingar líta á alla fjölskylduna sem eitt kerfi þar sem hver einstaklingur verður fyrir áhrifum af fjölskyldunni og fjölskylduheildin fyrir áhrifum af einstaklingum innan hennar.

Fjölskyldumeðferð

Fjölskyldumeðferð er árangursríkt og gagnreynt meðferðarúrræði þar sem tekið er mið af áhrifamætti fjölskylduheildarinnar og velferð hennar höfð að leiðarljósi.

Meðferðin er fyrir fjölskyldur, pör, og einstaklinga sem eiga í samskipta- og tengslavanda, eiga í erfiðleikum með uppeldi barna og unglinga, búa við andleg eða líkamleg veikindi, vanlíðan, kynlífsvanda, takast á við áföll, sorg eða breytta fjölskylduhagi í kjölfar skilnaðar eða missis svo eitthvað sé nefnt. Fjölskyldumeðferð miðar að því að auka skilning á eigin aðstæðum og annarra fjölskyldumeðlima eftir því sem við á og hjálpar fólki að

koma auga á eigin bjargráð og hrinda þeim í framkvæmd. Sérstaða fjölskyldumeðferðar er að unnið er með fleiri en einn í einu og heildarmyndin skoðuð. Fjölskyldufræðingar eru í raun sérfræðingar í samskiptum. Umfangsmikil rannsókn (440.000) sem kölluð hefur verið ACE rannsóknin hefur staðfest samband milli áfalla í æsku við geðrænan og líkamlegan heilsufarsvanda síðar á ævinni.

Andleg og líkamleg heilsa í forgang

Fjölskyldufræðingar starfa margir hverjir sjálfstætt á stofum. Félag fagfólks í fjölskyldumeðferð vinnur að því að sækja um löggildingu fyrir þá sem starfa á sviði fjölskyldumeðferðar. Mikilvægt er að hlúa sem best að fjölskyldum og einstaklingum og stuðla að betra heilbrigði í okkar samfélagi. Íslendingar eru m.a. aðilar að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem lögfestur var á Íslandi árið 2013, þar segir að stjórnvöld eigi að veita foreldrum við-eigandi aðstoð til þess að geta uppfyllt uppeldisskyldur sínar. Ef vel á að vera þarf að koma til niðurgreiðsla á þjónustu sjálfstætt starfandi fjölskyldufræðinga og fjölga þarf stöðugildum á opinberum stofnunum sem koma að málefnum fjölskyldna og einstaklinga.

Ragnheiður Kristín Björnsdóttir, fjölskyldufræðingur og hjúkrunarfræðingur hjá Lausninni, fjölskyldu- og afallamiðstöð.

Ágústa og Elísabet sýna liti og línur í Hveragerði

Ágústa Ragnarsdóttir og Elísabet Helga Harðardóttir verða með sýningu á Bókasafni Hveragerðis út maímánuð.

Þær eru báðar starfandi myndlistarkennarar við Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi og hafa unnið náið saman þar í sex ár. Báðar hafa starfað við myndlist og hönnun alla sína tíð og sýnt sinn afrakstur í gegnum tíðina.

Þessi farandsýning var á haustmánuðum í Bókasafni Ölfuss og Árborgar og er nú í Hveragerði og stefnan er að halda sýninguna á öllu upptökusvæði FSU og kannski víðar.

Hugmyndin að þessari samvinnu kviknaði í kjölfar málningargrunna sem urðu til þegar Elísabet sýndi nemendum sínum grunntækni í litablöndun. Málningargrunnarnir söfnuðust saman og Elísabet hugsaði sem svo að það væri gaman að fá Ágústu til að teikna ofan á þá með sinni tækni og nýta



þannig það efni sem til var fyrir. Myndir þessar eru því afrakstur hugmynda sem kviknaði á kennslulegum forsendum en hefur undið upp á sig.

Myndirnar eru í grunninn landslag, órætt, skáldlegt, rómantískt með á stundum figúrátífu blandi. Flestar eru litríkar, sumar kallar en aðrar heitar - grunnarnir ráðast af

því hvað Elísabet var að taka fyrir í litablöndun í kennslunni. Yfir sumum ríkir drungi, aðrar eru bjartar. Óveðurský, eldgos, stuðlaberg, jarðmyndanir og dulúðlegar verur - allt dregið grafískum dráttum af Ágústu. Ísland í sinni miklu sýnilegu og ósýnilegu vídd.

Verkefnið er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurlands.

82%

Sunnlendinga
lesa Dagskrána í hverri viku

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Matkráin

Breiðumörk 10, Hveragerði

Við erum öflugur hópur fagfólks sem hyggjumst opna veitingastaðinn Matkrána 1. júní nk. Okkur vantar fleiri í hópinn, í boði eru bæði störf í eldhúsi og veitingasal, heilar stöður sem og hlutastörf. Gott starfsfólk á öllum aldri er velkomið, 20 ára jafn sem 60 ára.

Umsóknir sendist á netfangið matkrain@matkrain.is eða hjá Ástu í síma 690 0774.

Sérfræðingur á umhverfis- og skipulagssviði



Umhverfis- og skipulagssvið Ölfuss auglýsir laust til umsóknar 100% starf sérfræðings á skipulagssviði. Æskilegast er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en þann 1. júní 2019. Næsti yfirmaður er sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Tekur þátt í og eftir atvikum leiðir vinnu að umfangsmiklum skipulagsverkefnum, svo sem við gerð skipulagslýsinga, greiningu skipulagsforsendna, samráð við skipulagsgerð, umhverfismat, mótun stefnu, markmiða og ákvæða skipulagsáætlana og/eða útfærslu skipulagsuppráttanna og skipulagshönnun svæða.
- Annast samskipti við þjónustugegna, sinnir leiðbeiningarskyldu gagnvart framkvæmdaaðilum og þjónustugegnum, hefur umsjón með gjaldskrá á skipulagssviði og annast önnur þau störf sem undir sviðið falla.
- Annast einn undirbúning stjórnissýsluverkefna. Þar undir fellur til að mynda undirbúningur funda, svör við innsendum erindum, áætlunargerð og eftirlit með verkþáttum.
- Stuðlar að því að markmið verkefna sviðsins náist, fylgist með framvindu þeirra, tekur ákvarðanir og sér til þess að þær séu teknar, upplýsir hagsmunaaðila og stjórnendur um framvindu.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í arkitektúr, skipulagsfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Góð þekking og færni á Autocad, Revit og önnur teikniforrit sem nýtast í starfi.
- Góð þekking og færni á hönnunarforrit svo sem Photoshop, Illustrator og Indesign.
- Góð þekking á skipulags- og byggingamálum.
- Þekking á rafrænum skjalavistunarkerfum.
- Þekking og reynsla af störfum innan stjórnsýslu sveitarfélaga.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og samviskusemi.
- Frumkvæði og skipulagsfærni.

Umsóknarfrestur er til og með 21. maí 2019. Umsóknir, ásamt ferilskrá og kynningarbréfi, skulu sendar til Elliða Vignissonar, bæjarstjóra á netfangið ellidi@olfus.is sem einnig veitir nánari upplýsingar.



Mynd tekin þegar formlegur samstarfssamningur var undirritaður í Þingborg 7. maí sl. F.v.: Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps, Íris Grétarsdóttir, verkefnisstjóri Flóaskóla, Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri Flóaskóla, Erla Björg Aðalsteinsdóttir, fulltrúi Skógræktarfélags Villingaholtshrepps, Anna Gína Aagestad, verkefnisstjóri Krakkaborgar, Guðbjörg Hólm Þorkelsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar og Ólafur Oddsson, fræðslustjóri Skógræktarinnar.

Gullin í grenndinni

Samstarf leik- og grunnskóla Flóahrepps og Skógræktarfélags Villingaholtshrepps

Nemendur í Krakkaborg og Flóaskóla eru þátttakendur í skemmtilegu og fræðandi verkefni sem heitir „Gullin í grenndinni“. Verkefnið byggir á nokkurra ára reynslu af samstarfi leikskólans Álfheima á Selfossi og Vallaskóla í gegnum skógartengt útinám. Samstarfsaðilar um verkefnið eru Flóahreppur og Skógræktarfélag Villingaholtshrepps. Markmið verkefnisins er að auka þekkingu nemenda á mikilvægi þess að auka kolefnisbindingu úr andrúmslofti með því að efla skógrækt. Verkefnið er einnig unnið í góðu samstarfi við Skógræktarfélag Árnesinga og með ráðgjöf og stuðningi frá Skógræktinni. Nemendur skóla munu vinna á vettvangi

bæði í skógræktarreitnum í Skagaási og á lóð Flóaskóla og Þjórarsárvers. Samhliða plöntun og umhirðu í skógarreitunum munu nemendur fræðast um skógarnytjar, fuglalíf, aðrar lífverur og fjölbreytileika vistkerfisins. Verkefnið er vel til þess

fallið að auka samstarf á milli skólastiga, auka fjölbreytni í verkefnum nemenda og samþættum námsleiðum. Anna Gína Aagestad, Íris Grétarsdóttir og Ólafur Oddsson sjá um verkefnastjórn og ráðgjöf.

BÓKLEGT VINNUVÉLANÁM Á NETINU

NÁM SEM GEFUR RÉTT TIL PRÓFS Á ALLAR GERÐIR OG STÆRÐIR VINNUVÉLA OPIÐ ALLAN SÓLAHRINGINN **VERÐ 60.000 kr.**

VINNUVÉLA SKÓLINN
vinnuvelaskolinn.is

sumartilboð
2ja rétta 4.490

rauða húsið
restaurant Eyrarbakka

raudahusid.is
483-3330
Búðarstig 4 • 820 Eyrarbakka
raudahusid@raudahusid.is
opið 12:00-21:00 alla daga

MERKINGAR LASERSKURÐUR FRÆSINGAR PRENTUN

SB SKILTAGERÐ
þorlákshöfn - Sími 483 1955 - www.sbskilti.is

Jiibbiíi
Siggafærðir

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvalsóllur
Sími 772 6010

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - WWW.FROSTMARK.IS

Raf- og Kæli-þjónustan ehf.
Sími 660 2970

- Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
- Ísskápa viðgerðir
- Almennar raflagnir

HREINGERNINGA-þjónusta Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun, bón, gluggabreinsun o.fl.
Símar 483 3827 og 897 8444
Freint um allt Suðurland

Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi

Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkarfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson sími 779 6777

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Josera
Gæludýrafóður

Fæst hjá **BYKO Selfossi**

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala Rennismiði Innréttingar Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðaðþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

HM

Hjólbarðar Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

Bílamerkingar
Strigaprentun
Fatamerkingar
Gluggafilmur
Límmiðar
Skiltagerð
Filmulausnir og merkingar

Háheiði 6, Selfossi s: 833 2299
filmulausnir@filmulausnir.is
Ópið mánudaga til föstudaga frá kl. 9 - 17

Bílasprautun - Bílaréttingar Bílrúðuskipti

Bilverk BA
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

FYLGD
Útfararþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

Lagnaþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími